

Drög 9.7.2013

REGLUGERÐ

um ósoneyðandi efni

1. gr.

Markmið

Markmið reglugerðar þessarar er að vernda ósonlagið í heiðhvolfinu með því að sjá til þess að framleiðslu, innflutningi og sölu ósoneyðandi efna verði hætt og að notkun þeirra verði bönnuð nema í undantekningartilvikum þar sem engin önnur efni eða aðferðir geta komið í staðinn.

2. gr.

Gildissvið

Reglugerð þessi gildir um efni sem talin eru upp í I. og II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1005/2009 um efni sem valda rýrnun ósonlagsins og blöndur slíkra efna ef styrkur þeirra er að lágmarki 1% í blöndunni. Reglugerðin gildir einnig um tæki og hluti sem innihalda slík efni og blöndur.

3. gr.

Skilgreiningar

Endurvinnsla: Endurnotkun endurheimts, ósoneyðandi efnis í kjölfar grunnhreinsunar.

Innflutningur: Koma efna, vöru og búnaðar, sem fellur undir þessa reglugerð, inn á tollsvæði innan Evrópska efnahagssvæðisins (EES) svo fremi að fullgilding ríkis á bókuninni nái til svæðisins og þessi reglugerð gildi.

Markaðssetning: Það að afhenda eða bjóða þriðja aðila efni, vöru eða búnað gegn greiðslu eða án endurgjalds, þ.m.t. setning í frjálsa dreifingu innan EES. Þegar um er að ræða vöru eða búnað sem eru hluti af fasteignum eða hluti af flutningatæki nær þetta einungis til þess að afhenda eða bjóða vöruna og búnaðinn fram innan EES í fyrsta sinn.

Ósoneyðandi efni: Efni sem talin eru upp í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1005/2009.

Ósoneyðingarmáttur (ODP): Talan sem er tilgreind í I. og II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1005/2009 og sýnir hugsanleg áhrif hvers efnis á ósonlagið.

Uppvinnsla: Endurmeðhöndlun endurheimts, efnis til að ná fram jafngildri virkni og hjá ónotuðu efni, að teknu tilliti til fyrirhugaðrar notkunar.

Útflutningur: Brottflytningur efna, vara og búnaðar, sem falla undir þessa reglugerð og hafa stöðu vara frá ríki innan EES, eða endurútflutningur efna, vara og búnaðar, sem falla undir þessa reglugerð, ef þau hafa stöðu vara frá ríki utan EES, út af tollsvæði innan EES, svo fremi að fullgilding ríkis á bókuninni nái til svæðisins og þessi reglugerð taki til svæðisins.

Vetnisflúorkolefni: Efni sem eru tilgreind í I. flokki í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1005/2009, þ.m.t. hverfur þeirra.

4. gr.

Framleiðsla, markaðssetning og notkun

Um bann við framleiðslu, markaðssetningu og notkun ósoneyðandi efna og hluta sem innihalda ósoneyðandi efni fer samkvæmt II. kafla reglugerðar (EB) nr. 1005/2009.

Óheimilt er að flytja inn eða setja upp búnað sem notar ósoneyðandi efni. Við meiri háttar breytingar og viðgerðir á kælikerfum með ósoneyðandi efnum skal skipta yfir í kælimiðil sem hefur engan ósoneyðingarmátt.

5. gr.

Inn- og útflutningur

Inn- og útflutningur ósoneyðandi efna er bannaður.

Drög 9.7.2013

Umhverfisstofnun veitir undanþágu fyrir innflutningi ósoneyðandi efna vegna notkunar sem undanþegin er banni skv. III. kafla reglugerðar (EB) nr. 1005/2009. Umhverfisstofnun getur skilyrt veitingu undanþágu við t.d. tiltekið magn, skráningu á notkun og meðhöndlun efnaleifa.

Undanþágu fyrir innflutningi vetnisklórflúorkolefna til notkunar skv. 2. mgr. 6. gr. má aðeins veita ef fyrir liggur vottorð frá óháðri rannsóknastofu um að uppunnin efni sé að ræða og staðfestingu frá viðeigandi yfirvöldum í útflutningsríki.

Umhverfisstofnun veitir undanþágu fyrir útflutningi ósoneyðandi efna til ríkja sem eru aðilar að Montreal bókuninni. Undanþágu má aðeins veita að fenginni innflutningsheimild í innflutningsríki.

6. gr.

Undanþágur

Um undanþágur frá banni við framleiðslu, markaðssetningu og notkun ósoneyðandi efna og hluta sem innihalda ósoneyðandi efni fer samkvæmt III. kafla reglugerðar (EB) nr. 1005/2009.

Aðeins má markaðssetja uppunnin vetnisklórflúorkolefni til áfyllingar á kæli-, frysti- og loftræstikerfi og varmadælur sem flutt voru inn fyrir 1. janúar 1996, sbr. 3. mgr. 11. gr. reglugerðar (EB) nr. 1005/2009. Heimildin er bundin þeim skilyrðum að gerð verði grein fyrir sölu í þar til gerðri sölubók sem afhent er Umhverfisstofnun í lok hvers árs.

Aðeins má markaðssetja ósoneyðandi efni sem falla undir undanþágu til notkunar við rannsóknir og greiningar sbr. 10. gr. og 2. mgr. 11. gr. reglugerðar (EB) nr. 1005/2009 og reglugerð (ESB) nr. 291/2011, að fengnu leyfi frá Umhverfisstofnun.

Önnur markaðssetning og notkun ósoneyðandi efna, sem undanþegin er banni samkvæmt ákvæðum Montreal bókunarinnar, er háð samþykki Umhverfisstofnunar.

7. gr.

Neyðarnotkun halóna

Tilkynna skal til Umhverfisstofnunar um starfrækslu slökkvikerfa og slökkvitækja sem innihalda halón og falla undir undanþágu um neyðarnotkun halóna í 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1005/2009 og reglugerð (ESB) nr. 744/2010 um um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1005/2009 um efni sem valda rýrnun ósonlagsins, að því er varðar neyðarnotkun á halónum.

Fyrirtæki sem halda birgðir af halónum til neyðarnotkunar skulu sækja um leyfi til Umhverfisstofnunar.

8. gr.

Menntun starfsfólks

Þeir einir mega sinna viðhaldi búnaðar sem inniheldur ósoneyðandi efni þ.m.t. áfyllingu, lekaleit og endurheimt kælimiðla sem lokið hafa menntun sem er að lágmarki námskeið í kælitækni sem uppfyllir kröfur í reglugerð um flúoraðar gróðurhúsalofttegundir. Þeir sem störfuðu við viðhald búnaðar fyrir gildistöku reglugerðar þessarar skulu að lágmarki hafa lokið menntun sem uppfyllir skilyrði í eldri reglugerðum.

9. gr.

Eftirlit

Um eftirlit með reglugerð þessari fer samkvæmt XI. kafla efnalaga nr. 61/2013. Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga hefur eftirlit með fyrirtækjum með starfsleyfi útgefnu af heilbrigðisnefnd. Eftirlit um borð í skipum og loftförum er í höndum Samgöngustofu.

10. gr.

Vidurlög

Um brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar fer samkvæmt XIV. kafla efnalaga nr. 61/2013.

Drög 9.7.2013

11. gr.

Lögbært yfirvald

Umhverfisstofnun gegnir hlutverki lögbærs yfirvalds sbr. 10.-14. og 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 1005/2009, um efni sem valda rýrnun ósonlagsins.

12. gr.

Innleiðing EES-gerða

Eftirfarandi EES-gerðir skulu öðlast gildi hér á landi:

- a) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1005/2009 frá 16. september 2009 um efni sem eyða ósonlaginu, sem vísað er til í tölulið 21aa, III. kafla, XX. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 202/2012, þann 26. október 2012, með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af reglugerð þessari, XX. viðauka samningsins, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Reglugerðin er birt í fylgiskjali 1 við reglugerð þessa.
Þó gildir ekki kafla IV auk eftirfarandi greina: 8.4, 8.5 b), 10.6, 11.5, 14.1, 14.3, 14.4, 27 og 28.
- b) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 744/2010 frá 18. ágúst 2010 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1005/2009 um efni sem valda rýrnun ósonlagsins, að því er varðar neyðarnotkun á halónum, sem vísað er til í tölulið 21aa, III. kafla, XX. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 202/2012, þann 26. október 2012. Reglugerðin er birt í fylgiskjali 2 við reglugerð þessa.
- c) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 291/2011 frá 24. mars 2011 um óhjákvæmilega notkun á takmörkunarskyldum efnum í Sambandinu, öðrum en vetnisklórflúorkolefnum fyrir rannsóknarstofur og til efnagreininga, samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1005/2009 um efni sem valda rýrnun ósonlagsins, sem vísað er til í tölulið 21aaa, III. kafla, XX. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 202/2012, þann 26. október 2012. Reglugerðin er birt í fylgiskjali 3 við reglugerð þessa.

13. gr.

Lagastoð og gildistaka

Reglugerð þessi er sett með stoð í 11. gr. efnalaga nr. 61/2013, 29. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 5. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Reglugerðin öðlast þegar gildi. Á sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 586/2002 um efni sem eyða ósonlaginu ásamt síðari breytingum.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, xx. júní 2013.

Drög 9.7.2013

Fylgiskjal 1.

REGLUGERÐ EVRÓPUPINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 1005/2009

frá 16. september 2009

um efni sem valda rýrnun ósonlagsins

(endurútgefin)

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS Hafa,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 1. mgr. 175. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ⁽¹⁾,

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ⁽²⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Umtalsverðar breytingar hafa alloft verið gerðar á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2037/2000 frá 29. júní 2000 um efni sem eyða ósonlaginu ⁽³⁾. Þar sem um frekari breytingar verður að ræða er rétt að endurútgefa hana til glöggvunar.
- 2) Sýnt hefur verið fram á að linnulaus losun ósoneyðandi efna veldur umtalsverðum skaða á ósonlaginu. Fyrir hendi eru skýrar vísbendingar um að álag af völdum ósoneyðandi efna í andrúmsloftinu hafi minnkað og fyrstu merki um endurheimt ósons í heiðhvolfinu hafa komið í ljós. Hins vegar er ekki búist við að ósonlagið muni ná aftur þeirri þéttni sem það hafði fyrir 1980 fyrir en eftir miðja 21. öldina. Aukin útfjólublá B-geislun af völdum ósoneyðingar er því enn veruleg ógn við heilbrigði manna og umhverfið. Samtímis hafa flest þessara efna mikinn hnatthlúnunarmátt og eru áhrifaþættir á hækun hitastigs á jörðinni. Grípa verður til frekari, skilvirkra ráðstafana til að vernda heilbrigði manna og umhverfið gegn skaðlegum áhrifum slíkrar losunar og til að eiga það ekki á hættu að frekari tafir verði á endurheimt ósonlagsins.

⁽¹⁾ Sjá ESB C 100, 30.4.2009, bls. 135.

⁽²⁾ Álit Evrópuþingsins frá 25. mars 2009 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum) og ákvörðun ráðsins frá 27. júlí 2009.

⁽³⁾ Sjá EBL L 244, 29.9.2000, bls. 1.

Drög 9.7.2013

- 3) Með skyldur sínar gagnvart umhverfinu og viðskiptum að leiðarljósi hefur Bandalagið, í samræmi við ákvörðun ráðsins 88/540/EBE ⁽¹⁾, gerst aðili að Vínarsáttmálanum um vernd ósonlagsins og að Montreal-bókuninni um efni sem valda rýrnun ósonlagsins (hér á eftir nefnd „bókunin“).

- 4) Mörg ósoneyðandi efni eru gróðurhúsalofttegundir en falla ekki undir eftirlit samkvæmt rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar og Kýótóbókuninni við hann því gert er ráð fyrir að Montrealbókunin leiði til þess að notkun þeirra verði hætt í áföngum. Þrátt fyrir framfarirnar, sem bókunin hafði í för með sér, þarf enn að ljúka því verkefni að hætta notkun ósoneyðandi efna í áföngum innan Evrópusambandsins og í heiminum öllum jafnframt því að hafa í huga að sem stendur hafa mörg staðgönguefni fyrir ósoneyðandi efni mikinn hnatthlýnunarmátt. Því er nauðsynlegt að lágmarka og hætta framleiðslu og notkun ósoneyðandi efna þegar fyrir hendi eru tæknilega möguleg staðgönguefni sem hafa lítinn hnatthlýnunarmátt.

- 5) Aðilar að bókuninni samþykktu viðbótarráðstafanir til verndunar ósonlagsins, nú síðast á fundum sínum í Montreal í september 2007 og Doha í nóvember 2008. Nauðsynlegt er að gera ráðstafanir á vettvangi Bandalagsins til að uppfylla skyldur Bandalagsins samkvæmt bókuninni og einkum til að hrinda því í framkvæmd að notkun vetnisklórflúorkolefna verði hætt í áföngum, með tilhlýðilegu tilliti til áhættunnar sem felst í að hefja notkun í áföngum á staðgönguefnum sem hafa mikinn hnatthlýnunarmátt.

- 6) Vegna þeirra áhyggna, sem komu fram í skýrslu sérfræðinganevndarinnar um vísindalegt mat árið 2006 um sívaxandi framleiðslu og notkun vetnisklórflúorkolefna í þróunarlöndunum, samþykktu aðilarnir að bókuninni á 19. fundi sínum árið 2007 ákvörðun XIX/6 þar sem kveðið er á um að flýta skuli áætluninni um að hætta notkun á vetnisklórflúorkolefnum í áföngum. Samkvæmt þeirri ákvörðun skal færa frestinn til að hætta framleiðslu í áföngum fram, frá 2025 til 2020.

- 7) Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 2037/2000 má ekki lengur, frá og með árinu 2010, nota ónotuð vetnisklórflúorkolefni til viðhalds eða viðgerða á kælitækjum og loftræstibúnaði. Til að draga úr áhættu á ólöglegri notkun á ónotuðum vetnisklórflúorkolefnum undir því yfirskyni að þau séu endurunnin eða uppunnin efni skal einungis nota uppunnin eða endurunnin efni til viðhalds eða viðgerða. Banna skal endursölu á endurunnum vetnisklórflúorkolefnum og einungis skal nota endurunnin vetnisklórflúorkolefni þegar þau hafa verið endurheimt úr slíkum búnaði og þá einungis af fyrirtækinu sem framkvæmdi endurheimtina eða gaf fyriræmi um hana. Til samræmis skal þessi undanþága einnig ná til varmadælubúnaðar.

- 8) Í ljósi víðtæks framboðs á staðgöngutækni og staðgönguefnum fyrir ósoneyðandi efni þykir í ákveðnum tilvikum rétt að kveða á um eftirlitsráðstafanir sem eru strangari en þær sem kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 2037/2000 og strangari en þær sem koma fram í bókuninni.

(1) Sjá E.L. 297, 31.10.1988, bls. 8.

Drög 9.7.2013

- 9) Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 2037/2000 hefur verið hætt í áföngum að framleiða og setja á markað klórflúorkolefni, önnur fullhalógenuð klórflúorkolefni, halón, koltetraklóríð, 1,1,1-tríklóretan, hýdróbrómflúorkolefni, brómklórmetan og metýlbrómíð og því er bannað að setja þessi efni og vörur og búnað, sem innihalda þessi efni, á markað. Nú þykir einnig rétt að útvíkka bannið við notkun þessara efna smám saman svo að það nái einnig yfir viðhald og viðgerðir á slíkum búnaði.
- 10) Jafnvel eftir að notkun takmörkunarskyldra efna hefur verið hætt í áföngum skal framkvæmdastjórnin veita undanþágur með ákveðnum skilyrðum vegna óhjákvæmilegrar notkunar á rannsóknarstofum og við greiningar. Það er einkum í ákvörðun X/14, sem aðilarnir að bókuninni samþykktu, sem settar eru viðmiðanir um veitingu undanþága til þessara nota. Framkvæmdastjórninni skal veitt vald til að setja skilyrði fyrir óhjákvæmilegri notkun á rannsóknarstofum og við greiningar. Til að komast hjá aukningu á magninu sem er notað í þessum tilgangi skal framleiðendum og innflytjendum ekki leyft að auka verulega það magn sem sett er á markað. Til að tryggja að farið sé að sértækum skilyrðum, sem aðilarnir að bókuninni setja um setningu efna til þessara nota á markað, skal fella þau inn í þessa reglugerð.
- 11) Framboð á staðgönguefnum fyrir metýlbrómíð kemur fram í umfangsmeiri samdrætti í framleiðslu þess og notkun en sagt er til um í bókuninni og í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/753/EB frá 18. september 2008 um að færa metýlbrómíð ekki á skrá í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE og um afturköllun leyfa fyrir plöntuvarnarefnum sem innihalda það efni ⁽⁵⁾ og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB frá 16. febrúar 1998 um markaðssetningu sæfiefna ⁽⁶⁾. Hætta skal til fulls að veita undanþágu til neyðarnotkunar metýlbrómíðs en gefa tímabundið kost á að veita undanþágu vegna neyðarástands þegar um er að ræða óvæntar uppkomur meindýraplága eða sjúkdóma og slík neyðarnotkun er leyfð samkvæmt tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna ⁽⁷⁾ og tilskipun 98/8/EB. Í slíkum tilvikum skal tilgreina ráðstafanir til að lágmarka losun, s.s. með notkun á næstum ógegndræpum filmum til svælingar á jarðvegi.
- 12) Í ljósi reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2032/2003 frá 4. nóvember 2003 um annan áfanga 10 ára vinnuáætlunarinnar sem um getur í 2. mgr. 16. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB um markaðssetningu sæfiefna ⁽⁸⁾, en með henni var notkun metýlbrómíðs sem sæfiefnis bönnuð frá og með 1. september 2006, og ákvörðunar 2008/753/EB, en með henni var notkun metýlbrómíðs sem plöntuvarnarefnis bönnuð frá og með 18. mars 2010, skal notkun metýlbrómíðs til meðhöndlunar gegn kvíuðum skaðvöldum og meðhöndlunar fyrir flutning einnig bönnuð frá og með 18. mars 2010.
- 13) Í 7. mgr. 2. gr. F í bókuninni er mælt fyrir um að aðilarnir skuli leitast við að tryggja að notkun vetnisklórflúorkolefna sé takmörkuð við notkun þar sem umhverfisvænni staðgönguefni eða staðgöngutækni standa ekki til boða. Með tilliti til þess að tæknilegir valkostir og staðgöngutækni eru fyrir hendi er hægt að takmarka enn frekar setningu á markað og notkun á vetnisklórflúorkolefnum sem og á vörum og búnaði sem innihalda vetnisklórflúorkolefni eða virka ekki án þeirra. Í ákvörðun VI/13, sem aðilarnir að bókuninni samþykktu, er kveðið á um að við mat á staðgönguefnum fyrir vetnisklórflúorkolefni skuli taka tillit til þátta eins og ósoneyðingarmáttar, orkunýtni, hugsanlegrar eldfimi, eiturhrifa, hnathlúnunarmáttar og hugsanlegra áhrifa á raunverulega notkun klórflúorkolefna og halóna og á það að henni verði hætt í áföngum. Niðurstaða aðilanna í þeirri ákvörðun var sú að takmarkanir á vetnisklórflúorkolefnum, sem mælt er fyrir um í bókuninni, skuli hertar verulega til að vernda ósonlagið og til að endurspeglar að staðgönguefni séu fyrir hendi.

⁽¹⁾ Sjá ESB L 258, 26.9.2008, bls. 68.

⁽²⁾ Sjá ESB L 123, 24.4.1998, bls. 1.

⁽³⁾ Sjá ESB L 230, 19.8.1991, bls. 1.

⁽⁴⁾ Sjá ESB L 307, 24.11.2003, bls. 1.

Drög 9.7.2013

- 14) Útvíkka skal takmörkunarráðstafanir varðandi vörur og búnað, sem innihalda takmörkunarskyld efni, svo að þær nái yfir vörur og búnað sem virka ekki án slíkra efna, til að koma í veg fyrir að farið sé í kringum takmarkanir samkvæmt þessari reglugerð. Með því að taka einnig til vöru og búnaðar þar sem takmörkunarskyld efni þarf vegna hönnunarinnar, notkunarinnar eða réttar virkni er eytt þeim möguleika að hægt sé að setja á markað, flytja inn eða flytja út vörur eða búnað sem inniheldur ekki takmörkunarskyld efni á þeirri stundu en þyrfti að fylla aftur með þeim síðar. Enn fremur skal fjarlægja undanþágur fyrir vörur og búnað sem var framléiddur áður en takmörkunarráðstafanirnar öðluðust gildi því þær skipta ekki lengur máli og gætu skapað hættu á ólöglegri setningu á markað eða ólöglegum viðskiptum.
- 15) Ekki skal flytja inn takmörkunarskyld efni né vörur og búnað, sem innihalda takmörkunarskyld efni eða virka ekki án þeirra, frá ríkjum sem eru ekki aðilar að bókuninni. Enn fremur skal vera bannað að flytja út vörur og búnað, sem innihalda vetnisklórflúorkolefni eða virka ekki án þeirra, eftir að bannið við notkun á þessum vörum og búnaði eða á takmörkunarskyldum efnum til viðhalds eða viðgerða á þeim gengur í gildi innan Bandalagsins, til að forðast uppsöfnun birgða þessara efna í löndum þar sem ekki eru til staðar nægilega margar eyðingarstöðvar.
- 16) Leyfisveitingakerfið fyrir takmörkunarskyld efni felur m.a. í sér veitingu leyfa til útflutnings á takmörkunarskyldum efnum í því skyni að vakta og hafa eftirlit með viðskiptum með ósoneyðandi efni og til að gera aðilum kleift að skiptast á upplýsingum. Það leyfisveitingakerfi skal víkkað út til að ná yfir vörur og búnað sem innihalda takmörkunarskyld efni eða virka ekki án þeirra.
- 17) Til að bæta vöktun viðskipta og eftirlit með þeim skal leyfið ekki einungis taka til komu vöru inn á tollsvæðið til setningar í frjálsa dreifingu innan Bandalagsins heldur einnig til komu samkvæmt öðrum reglum um tollmeðferð eða til lögmætrar tollmeðferðar og notkunar. Umflutningur um tollsvæði Bandalagsins og tímabundin geymsla, geymsla í tollvörugeymslu og frísvæðismálsmeðferð skulu enn vera möguleg án leyfis til að forðast óþarfa byrðar fyrir rekstraraðila og tollyfirvöld. Flutningar til og frá yfirráðasvæði aðildarríkis, sem er ekki hluti af tollsvæði Bandalagsins eða fellur ekki undir þessa reglugerð en fellur undir fullgildingu aðildarríkisins á bókuninni, skulu ekki skapa óþarfa byrðar fyrir aðildarríkin í tengslum við leyfisveitingar og skýrslugjöf, að því tilskildu að skyldur samkvæmt þessari reglugerð og bókuninni séu uppfylltar.
- 18) Áður en inn- og útflutningsleyfi eru veitt skal framkvæmdastjórnin fá vald til að sannreyna hjá lögbærum yfirvöldum hlutaðeigandi þriðja lands hvort fyrirætluð viðskipti mundu uppfylla þær kröfur sem gilda í því landi, til að komast hjá ólöglegum og óæskilegum viðskiptum.
- 19) Í tilskipun ráðsins 67/548/EBE frá 27. júní 1967 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnarsýslufyrirmælum um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efna ⁽⁹⁾, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/45/EB frá 31. maí 1999 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnarsýslufyrirmælum aðildarríkjanna um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efnablandna ⁽¹⁰⁾ og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna ⁽¹¹⁾, er kveðið á um merkingar á efnum sem flokkuð eru sem ósoneyðandi efni og um merkingu blandna sem innihalda slík efni. Þar sem setja má ósoneyðandi efni, sem eru framléidd til notkunar sem hráefni, hjálparefni við vinnslu og til notkunar á rannsóknarstofum og við greiningar, í frjálsa dreifingu innan Bandalagsins skulu þau aðgreind frá þeim efnum sem framléidd eru til annarrar notkunar til að koma í veg fyrir að takmörkunarskyld efni, sem ætluð eru sem hráefni, sem hjálparefni við vinnslu eða til notkunar á rannsóknarstofum eða við greiningar, verði tekin til annarrar notkunar en þeirra sem eftirlit er haft með samkvæmt þessari reglugerð. Til að upplýsa endanlega notendur og auðvelda framfylgd þessarar reglugerðar skal enn fremur einnig merkja vörur og búnað, sem innihalda slík efni eða virka ekki án þeirra, á meðan á viðhaldi eða viðgerð stendur.
- 20) Til að draga úr losun takmörkunarskyldra efna skal gera ráðstafanir til að endurheimta notuð takmörkunarskyld

⁽⁹⁾ Sgúð. EB L 196, 16.8.1967, bls. 1.

⁽¹⁰⁾ Sgúð. EB L 200, 30.7.1999, bls. 1.

⁽¹¹⁾ Sgúð. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1.

Drög 9.7.2013

efni og til að koma í veg fyrir leka takmörkunarskyldra efna.

- 21) Samkvæmt bókuninni ber að skila skýrslum um viðskipti með ósoneyðandi efni. Þess er því krafist að framleiðendur, innflytjendur og útflytjendur takmörkunarskyldra efna skili árlegri skýrslu. Til að gera framkvæmdastjórninni kleift að einfalda málsmeðferð við skýrslugjöf til að fara að bókuninni og komast hjá tvítekningu í ferlinu skulu eyðingarstöðvar einnig skila skýrslum til framkvæmdastjórnarinnar með beinum hætti. Til að tryggja að skýrslugjafarskyldur samkvæmt bókuninni séu uppfylltar og til að bæta skýrslugjöf í reynd skal framkvæmdastjórninni veitt vald til að breyta kröfum um skýrslugjöf aðildarríkja og fyrirtækja. Í ljósi fyrirhugaðrar þróunar á skýrslugjafartólum á Netinu skal framkvæmdastjórnin, eins og við á, gera drög að ráðstöfunum til að aðlaga skýrslugjafarkröfurnar um leið og búið er að koma fyrir til þess nothæfum skýrslugjafartólum.
- 22) Verndun einstaklinga, að því er varðar vinnslu aðildarríkjanna á persónuupplýsingum, fellur undir tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga ⁽¹²⁾ og verndun einstaklinga, að því er varðar vinnslu framkvæmdastjórnarinnar á persónuupplýsingum, fellur undir reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 frá 18. desember 2000 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga, sem stofnanir og aðilar Bandalagsins hafa unnið, og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga ⁽¹³⁾, einkum að því er varðar kröfur um trúnað og öryggi í gagnavinnslu, yfirfærslu persónuupplýsinga frá framkvæmdastjórninni til aðildarríkjanna, lögmæti vinnslunnar og rétt þeirra sem gögnin varða til upplýsinga, aðgangs að persónuupplýsingum sínum og leiðréttingar á þeim.
- 23) Aðildarríki skulu framkvæma skoðanir á grundvelli nálgunar sem byggist á áhættumati til að tryggja að farið sé að öllum ákvæðum þessarar reglugerðar og beina þannig spjótum sínum að þeim athöfnum sem valda mestri hættu á ólöglegum viðskiptum eða losun takmörkunarskyldra efna. Tilmæli Evrópuþingsins og ráðsins 2001/331/EB frá 4. apríl 2001 þar sem kveðið er á um lágmarksviðmiðanir um umhverfiseftirlit í aðildarríkjunum ⁽¹⁴⁾ skulu vera aðildarríkjunum leiðbeinandi um framkvæmd þeirra á skoðunum.
- 24) Í ljósi stöðugrar nýsköpunar í þeim geirum, sem þessir reglugerð nær til, skal framkvæmdastjórnin endurskoða þessa reglugerð reglulega og, ef við á og til að styrkja vernd ósonlagsins frekar og samtímis draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, leggja fram tillögur, einkum um undanþágur og frávik sem kveðið er á um fyrir þær aðstæður sem skapast þegar tæknilega mögulegir og efnahagslega hagkvæmir staðgöngukostir fyrir notkun takmörkunarskyldra efna koma fram. Til að tryggja að farið sé að bókuninni skal framkvæmdastjórninni veitt vald til að stilla viðauka við þessa reglugerð saman við ákvarðanir aðilanna að bókuninni, einkum þær sem varða viðurkenndar eyðingaraðferðir, skilyrði fyrir því að setja á markað takmörkunarskyld efni til óhjákvæmilegrar notkunar á rannsóknarstofum og við greiningar, og vinnslu þar sem nota má takmörkunarskyld efni sem hjálparefni við vinnslu.
- 25) Nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari reglugerð skulu samþykktar í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið ⁽¹⁵⁾.
- 26) Einkum skal framkvæmdastjórninni veitt vald til að ákveða form og innihald merkimiða fyrir takmörkunarskyld efni sem eru framleidd, sett á markað eða notuð sem hráefni, sem hjálparefni við vinnslu eða til notkunar á

⁽¹⁾ Sgúð. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31.

⁽¹⁾ Sgúð. EB L 8, 12.1.2001, bls. 1.

⁽¹⁾ Sgúð. EB L 118, 27.4.2001, bls. 41.

⁽¹⁾ Sgúð. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

Drög 9.7.2013

rannsóknarstofum og við greiningar; til að breyta III. viðauka um vinnslu þar sem nota má takmörkunarskyld efni sem hjálparefni við vinnslu; til að breyta hámarks magni takmörkunarskyldra efna sem nota má sem hjálparefni við vinnslu eða sem losna við notkun á hjálparefnum við vinnslu; til að breyta V. viðauka um skilyrði fyrir setningu á markað og frekari dreifingu takmörkunarskyldra efna til notkunar á rannsóknarstofum eða við greiningar; til að ákveða tilhögun á úthlutun kvóta fyrir takmörkunarskyld efni til notkunar á rannsóknarstofum og við greiningar; til að breyta VI. viðauka; til að samþykkja lagfæringar og tímamörk til að hætta neyðarnotkun á halónum í áföngum; til að breyta skránni yfir atriði sem þarf að tilgreina í umsókn um leyfi; til að samþykkja frekari ráðstafanir um vöktun viðskipta með takmörkunarskyld efni eða ný efni og vörur og búnað sem innihalda takmörkunarskyld efni eða virka ekki án þeirra; til að samþykkja reglur um setningu á vörum og búnaði, sem eru framleidd með takmörkunarskyldum efnum og flutt inn frá ríkjum sem ekki eru aðilar að bókuninni, í frjálsa dreifingu í Bandalaginu; til að breyta VII. viðauka um eyðingartækni; til að taka saman skrá yfir vörur og búnað, sem talið er tæknilega mögulegt og efnahagslega hagkvæmt og því lögbodnið að endurheimta til eyðingar, eða til eyðingar án þess að áður hafi verið endurheimt úr þeim takmörkunarskyld efni; til að samþykkja kröfur um lágmarksmenntun og hæfi starfsmanna; til að samþykkja skrá yfir tækni og athafnir sem fyrirtæki skulu nota til að koma í veg fyrir og lágmarka leka og losun takmörkunarskyldra efna; til að skrá ný efni í II. viðauka og breyta kröfum um skýrslugjöf aðildarríkja og fyrirtækja. Þar eð þessar ráðstafanir eru almenns eðlis og þeim er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar, m.a. með því að bæta við hana nýjum, veigalitlum atriðum, skulu þær samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem kveðið er á um í 5. gr. a í ákvörðun 1999/468/EB.

- 27) Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/12/EB frá 5. apríl 2006 um úrgang ⁽¹⁶⁾ og tilskipun ráðsins 91/689/EBE frá 12. desember 1991 um hættulegan úrgang ⁽¹⁷⁾ er kveðið á um ráðstafanir sem varða umhverfissvæna förgun og endurheimt á úrgangi og eftirlit með hættulegum úrgangi. Að því er þetta varðar skal beina sérstakri athygli að ósoneyðandi efnum í úrgangi frá byggingar- og niðurrifsstarfsemi og í búnaði sem fellur undir gildissvið tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/96/EB frá 27. janúar 2003 um raf- og rafeindabúnaðarúrgang ⁽¹⁸⁾. Í samræmi við bókunina má, við eyðingu takmörkunarskyldra efna, einungis beita tækni sem aðilar að bókuninni hafa samþykkt. Viðeigandi ákvarðanir aðilanna skulu því felldar inn í þessa reglugerð til að tryggja að einungis þeirri tækni sé beitt, að því tilskildu að beiting hennar standist löggjöf Bandalagsins og landsbundna löggjöf um úrgang.
- 28) Setja skal sveigjanleikaákvæði til að innleiða skýrslugjafarskyldur vegna efna sem eru tilgreind sem ósoneyðandi til að auðvelda mat á umfangi umhverfisáhrifa þeirra og til að tryggja að þau nýju efni, sem tilgreint hefur verið að hafi verulegan ósoneyðingarmátt, falli undir eftirlitsráðstafanir. Í þessu samhengi skal beina sérstakri athygli að hlutverki efna með mjög stuttan líftíma, einkum með hliðsjón af ósonmati Umhverfisstofnunar Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðaveðurfræðistofnunarinnar frá 2006, en niðurstaðan úr því var sú að ósoneyðingarmáttur þessara efna væri meiri en áður var metið.
- 29) Aðildarríkin skulu mæla fyrir um reglur um viðurlög við brotum á ákvæðum þessarar reglugerðar og sjá til þess að þeim sé framfylgt. Þessi viðurlög skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og letjandi.
- 30) Þar eð aðildarríkin geta hvert um sig ekki fyllilega náð markmiðum þessarar reglugerðar, þ.e. að tryggja að skyldur Bandalagsins sem aðila að bókuninni séu uppfylltar og að leysa úr umhverfisvandamáli sem nær yfir landamæri og hefur hnattræn áhrif, samhliða því að setja reglur um viðskipti innan Bandalagsins og við ríki utan þess með ósoneyðandi efni og vörur og búnað sem innihalda þessi efni eða virka ekki án þeirra, og markmiðunum verður þar af leiðandi betur náð á vettvangi Bandalagsins er Bandalaginu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhöfsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, ganga ákvæði þessarar reglugerðar ekki lengra en

⁽¹⁾ Sjtið. ESB L 114, 27.4.2006, bls. 9. Tilskipun 2006/12/EB er felld úr gildi með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB frá 19. nóvember 2008 um úrgang og um niðurfellingu tiltekinnna tilskipana (Sjtið. ESB L 312, 22.11.2008, bls. 3) frá og með 12. desember 2010.

⁽¹⁾ Sjtið. EB L 377, 31.12.1991, bls. 20.

⁽¹⁾ Sjtið. ESB L 37, 13.2.2003, bls. 24.

Drög 9.7.2013

nauðsynlegt er til að þessum markmiðum verði náð.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

Efni

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um reglur um framleiðslu, innflutning, útflutning, setningu á markað, notkun, endurheimt, endurvinnslu, uppvinnslu og eyðingu efna sem eyða ósonlaginu, um upplýsingagjöf varðandi þessi efni og um innflutning, útflutning, setningu á markað og notkun á vörum og búnaði sem innihalda þessi efni eða virka ekki án þeirra.

2. gr.

Gildissvið

Þessi reglugerð gildir um takmörkunarskyld efni, ný efni og vörur og búnað sem innihalda takmörkunarskyld efni eða virka ekki án þeirra.

3. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „bókunin“: Montreal-bókunin frá 1987 um efni sem valda rýrnun ósonlagsins, eins og henni var síðast breytt og hún síðast aðlöguð,
2. „aðili“: aðili að bókuninni,
3. „ríki sem er ekki aðili að bókuninni“: ríki eða svæðisstofnun um efnahagslegan samruna sem hefur ekki samþykkt, að því er varðar tiltekið, takmörkunarskyld efni, að vera bundið af þeim ákvæðum bókunarinnar sem gilda um viðkomandi efni,
4. „takmörkunarskyld efni“: efni sem eru skráð í I. viðauka, þ.m.t. hverfur þeirra, hvort sem þau eru ein sér eða í blöndu og hvort sem þau eru ónotuð, endurheimt, endurunnin eða uppunnin,
5. „klórflúorkolefni“: takmörkunarskyld efni sem eru tilgreind í I. flokki í I. viðauka, þ.m.t. hverfur þeirra,
6. „halón“: takmörkunarskyld efni sem eru tilgreind í III. flokki í I. viðauka, þ.m.t. hverfur þeirra,
7. „koltetraklóríð“: takmörkunarskyld efni sem er tilgreint í IV. flokki í I. viðauka,
8. „metýlbrómíð“: takmörkunarskyld efni sem er tilgreint í VI. flokki í I. viðauka,
9. „vetnisklórflúorkolefni“: takmörkunarskyld efni sem eru tilgreind í I. flokki í I. viðauka, þ.m.t. hverfur þeirra,
10. „ný efni“: efni sem skráð eru í II. viðauka, hvort sem þau eru ein sér eða í blöndu og hvort sem þau eru ónotuð, endurheimt, endurunnin eða uppunnin,
11. „hráefni“: hvers kyns takmörkunarskyld eða nýtt efni sem í efnafræðilegu ummyndunarferli breytir upprunalegri samsetningu sinni algjörlega og sem veldur óverulegri losun,
12. „hjálprefni við vinnslu“: takmörkunarskyld efni sem eru notuð sem hjálprefni á þann hátt sem tilgreindur er í III. viðauka,

Drög 9.7.2013

13. „framleiðandi“: einstaklingur eða lögaðili sem framleiðir takmörkunarskyld efni eða ný efni innan Bandalagsins,
14. „framleiðsla“: magn takmörkunarskyldra efna eða nýrra efna sem er framleitt, þ.m.t. það magn sem er framleitt, af ásetningi eða fyrir slysi, sem aukaafurð nema þeirri aukaafurð sé eytt sem hluta af framleiðsluferlinu eða samkvæmt skjalfestri verklagsreglu sem tryggir að farið sé að ákvæðum þessarar reglugerðar og löggjöf Bandalagsins og landslöggjöf um úrgang. Ekki skal líta á magn, sem er endurheimt, endurunnið eða uppunnið, sem „framleiðsla“, og það sama gildir um óverulegt magn sem ekki er hægt að koma í veg fyrir að vörunar innihaldi í snefilmagni eða losni á meðan á framleiðslu stendur,
15. „ósoneyðingarmáttur“: talan sem er tilgreind í I. og II. viðauka og sýnir hugsanleg áhrif hvers takmörkunarskylds efnis eða nýs efnis á ósonlagið,
16. „reiknað magn“: magn sem er ákvarðað með því að margfalda magn hvers takmörkunarskylds efnis með ósoneyðingarmætti þess og með því að leggja saman niðurstöðutölurnar fyrir hvern flokk um sig af takmörkunarskyldum efnum í I. viðauka;
17. „iðnaðarhagræðing“: tilfærsla, annaðhvort milli aðila að bókuninni eða innan aðildarríkis, á öllu reiknuðu framleiðslumagni eins framleiðanda, eða hluta af því, til annars framleiðanda í því skyni að ná fram efnahagslegri skilvirkni eða til að bregðast við fyrirsjáanlegum birgðaskorti vegna verksmiðjulokana;
18. „innflutningur“: koma efna, vöru og búnaðar, sem fellur undir þessa reglugerð, inn á tollsvæði Bandalagsins svo fremi að fullgilding aðildarríkis á bókuninni nái til svæðisins og þessi reglugerð gildi,
19. „útflutningur“: brottflutningur efna, vara og búnaðar, sem falla undir þessa reglugerð og hafa stöðu Bandalagsvara, eða endurútflutningur efna, vara og búnaðar, sem falla undir þessa reglugerð, ef þau hafa stöðu vara frá löndum utan Bandalagsins, út af tollsvæði Bandalagsins, svo fremi að fullgilding aðildarríkis á bókuninni nái til svæðisins og þessi reglugerð taki til svæðisins,
20. „setning á markað“: það að afhenda eða bjóða þriðja aðila efni, vöru eða búnað gegn greiðslu eða án endurgjalds, þ.m.t. setning í frjálsa dreifingu innan Bandalagsins eins og um getur í reglugerð (EB) nr. 450/2008. Þegar um er að ræða vöru og búnað sem eru hluti af fasteignum eða hluti af flutningatæki nær þetta einungis til þess að afhenda eða bjóða vöruna og búnaðinn fram innan Bandalagsins í fyrsta sinn,
21. „notkun“: nýting takmörkunarskyldra efna eða nýrra efna til framleiðslu, viðhalds eða viðgerða, þ.m.t. enduráfylling, á vörum og búnaði eða nýting þeirra í öðrum ferlum,
22. „varmadæla“: tæki eða búnaður sem dregur varma við lágt hitastig úr lofti, vatni eða jörð og leggur til varma,
23. „endurheimt“: söfnun og geymsla takmörkunarskyldra efna úr vörum og búnaði eða geymum á meðan á viðhaldi eða viðgerð stendur eða fyrir förgun,
24. „endurvinnsla“: endurnotkun endurheimts, takmörkunarskylds efnis í kjölfar grunnhreinsunar,
25. „uppvinnsla“: endurmeðhöndlun endurheimts, takmörkunarskylds efnis til að ná fram jafngildri virkni og hjá ónotuðu efni, að teknu tilliti til fyrirhugaðrar notkunar,
26. „fyrirtæki“: einstaklingur eða lögaðili sem:
 - a) framleiðir, endurheimtir, endurvinnur, uppvinnur, notar eða eyðir takmörkunarskyldum efnum eða nýjum efnum,
 - b) flytur slík efni inn,
 - c) flytur slík efni út,

Drög 9.7.2013

- d) setur slík efni á markað eða
 - e) notar kæli-, lofttræsti- eða varmadælubúnað eða brunavarnarkerfi sem innihalda takmörkunarskyld efni,
27. „meðhöndlun gegn kvíuðum skaðvöldum“: meðhöndlun til að koma í veg fyrir að kvíaðir skaðvaldar (þ.m.t. sjúkdómar) komi inn, nái bólfestu eða dreifi sér, eða til að tryggja opinberar varnaraðgerðir gegn þeim þegar:
- landsbundið yfirvald, sem fer með málefni sem varða vernd plantna, dýra, umhverfis eða heilsu, annast eða heimilar opinberar varnaraðgerðir,
 - kvíaðir skaðvaldar (e. *quarantine pests*) eru skaðvaldar sem gætu haft áhrif á svæðin sem eru í hættu en fyrirfinnast þó ekki enn þar eða fyrirfinnast þar en hafa ekki náð almennri útbreiðslu og er haldið í skefjum af hinu opinbera,
28. „meðhöndlun fyrir flutning“: meðhöndlun sem ekki er gerð til sóttvarna og er beitt innan við 21 degi fyrir útflutning til að uppfylla opinberar kröfur innflutningslandsins eða opinberar kröfur útflutningslandsins sem giltu fyrir 7. desember 1995. Yfirvald, sem fer með málefni sem varða vernd plantna, dýra, umhverfis, heilbrigðis eða vörur í geymslu, setur fram þessar opinberu kröfur eða heimilar þær;
29. „vörur og búnaður sem virka ekki án takmörkunarskyldra efna“: vörur og búnaður sem virka ekki án takmörkunarskyldra efna, ekki þó þær vörur og búnaður sem eru notuð til framleiðslu, vinnslu, endurheimtar, endurvinnslu, uppvinnslu eða eyðingar takmörkunarskyldra efna,
30. „ónotuð efni“: efni sem hafa ekki verið notuð áður,
31. „vörur og búnaður“: allar vörur og búnaður að undanteknum geymum sem notaðir eru til geymslu á takmörkunarskyldum efnum.

II. KAFLI

BÖNN

4. gr.

Framleiðsla takmörkunarskyldra efna

Framleiðsla takmörkunarskyldra efna er bönnuð.

5. gr.

Setning takmörkunarskyldra efna á markað og notkun þeirra

1. Setning takmörkunarskyldra efna á markað og notkun þeirra skal bönnuð.
2. Takmörkunarskyld efni skulu ekki sett á markað í einnota flátum nema til notkunar á rannsóknarstofum og við greiningar eins og um getur í 10. gr. og 2. mgr. 11. gr.
3. Ákvæði þessarar greinar gilda ekki um takmörkunarskyld efni í vörum og búnaði.

6. gr.

Setning á vörum og búnaði, sem innihalda takmörkunarskyld efni eða virka ekki án þeirra, á markað

1. Bannað er að setja á markað vörur og búnað sem innihalda takmörkunarskyld efni eða virka ekki án þeirra, að undanskildum vörum og búnaði þar sem notkun á viðkomandi takmörkunarskyldu efni hefur verið leyfð í samræmi við 10. gr., 11. gr. (2. mgr.), eða 13. gr. eða hefur verið leyfð á grundvelli 3. gr. (1. mgr.) reglugerðar (EB) nr. 2037/2000.

Drög 9.7.2013

2. Brunavarnarkerfi og slökkvitæki, sem innihalda halón, eru bönnuð og skulu tekin úr notkun, að undanskilinni þeirri notkun sem um getur í 1. mgr. 13. gr.

III. KAFLI

ATHUGASEMDIR OG UNÐANÞÁGUR

7. gr.

Framleiðsla takmörkunarskyldra efna, setning þeirra á markað og notkun sem hráefni

1. Þrátt fyrir ákvæði 4. og 5. gr. er heimilt að framleiða takmörkunarskyld efni, setja þau á markað og nota þau sem hráefni.

2. Takmörkunarskyld efni, sem eru framleidd eða sett á markað sem hráefni, má einungis nota í þeim tilgangi. Frá og með 1. júlí 2010 skal merkja geyma, sem innihalda slík efni, með skýrri ábendingu um að einungis megi nota efnið sem hráefni. Þegar þess er krafist að slík efni séu merkt í samræmi við tilskipun 67/548/EBE, tilskipun 1999/45/EB eða reglugerð (EB) nr. 1272/2008 skal slík ábending koma fram á merkimiðanum, sem um getur í þessum tilskipunum, eða á þeim hluta merkimiðans sem inniheldur viðbótarupplýsingar, eins og um getur í 3. mgr. 25. gr. þeirrar reglugerðar.

Framkvæmdastjórnin getur ákveðið form og innihald þess merkimiða sem notaður er. Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar, m.a. með því að bæta við hana, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 3. mgr. 25. gr.

8. gr.

Framleiðsla takmörkunarskyldra efna, setning þeirra á markað og notkun sem hjálparefni við vinnslu

1. Þrátt fyrir ákvæði 4. og 5. gr. er leyfilegt að framleiða takmörkunarskyld efni, setja þau á markað og nota þau sem hjálparefni við vinnslu.

2. Einungis má nota takmörkunarskyld efni sem hjálparefni við vinnslu í stöðvum sem voru starfandi 1. september 1997 og eru með óverulega losun.

3. Takmörkunarskyld efni, sem eru framleidd eða sett á markað sem hjálparefni við vinnslu, má einungis nota í þeim tilgangi. Frá og með 1. júlí 2010 skal merkja geyma, sem innihalda slík efni, með skýrri ábendingu um að einungis megi nota þessi efni sem hjálparefni við vinnslu. Þegar þess er krafist að slík efni séu merkt í samræmi við tilskipun 67/548/EBE, tilskipun 1999/45/EB eða reglugerð (EB) nr. 1272/2008 skal slík ábending koma fram á merkimiðanum, sem um getur í þessum tilskipunum, eða á þeim hluta merkimiðans sem inniheldur viðbótarupplýsingar, eins og um getur í 3. mgr. 25. gr. þeirrar reglugerðar.

Framkvæmdastjórnin getur ákveðið form og innihald þess merkimiða sem notaður er. Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar, m.a. með því að bæta við hana, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 3. mgr. 25. gr.

4. Framkvæmdastjórnin skal, ef við á og í samræmi við stjórnarnefndarmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 25. gr., taka saman skrá yfir fyrirtæki þar sem leyft skal að nota takmörkunarskyld efni sem hjálparefni við vinnslu, og fastsetja hámarks magn, sem nota má til áfyllingar eða sem hjálparefni við vinnslu, og hámarkslosun fyrir hvert hlutaðeigandi fyrirtæki.

Hámarks magn takmörkunarskyldra efna, sem leyfilegt er að nota sem hjálparefni við vinnslu innan Bandalagsins, skal ekki fara yfir 1083 tonn á ári.

Hámarks magn takmörkunarskyldra efna, sem leyfilegt er að losni úr hjálparefnum við vinnslu innan Bandalagsins, skal ekki fara yfir 17 tonn á ári.

5. Í ljósi nýrra upplýsinga eða tækniþróunar eða ákvarðana aðilanna að bókuninni skal framkvæmdastjórnin, ef við á:

Drög 9.7.2013

- a) breyta III. viðauka,
- b) breyta hámarks magni takmörkunarskyldra efna sem nota má sem hjálparefni við vinnslu eða sem losna mega við notkun á hjálparefni við vinnslu, eins og um getur í annari og þriðju undirgrein 4. mgr.

Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 3. mgr. 25. gr.

9. gr.

Setning takmörkunarskyldra efna á markað til eyðingar eða endurheimtar og setning vara og búnaðar, sem innihalda takmörkunarskyld efni eða virka ekki án þeirra, á markað til eyðingar

Þrátt fyrir ákvæði 5. og 6. gr. má setja takmörkunarskyld efni og vörur og búnað, sem innihalda takmörkunarskyld efni eða virka ekki án þeirra, á markað til eyðingar innan Bandalagsins í samræmi við kröfurnar um eyðingu sem um getur í 1. mgr. 22. gr. Einnig má setja takmörkunarskyld efni á markað til uppvinnslu innan Bandalagsins.

10. gr.

Óhjákvæmileg notkun takmörkunarskyldra efna, annarra en vetnisklórflúorkolefna, á rannsóknarstofum og við greiningar

1. Þrátt fyrir ákvæði 4. og 5. gr. má framleiða önnur takmörkunarskyld efni en vetnisklórflúorkolefni, setja þau á markað og nýta til óhjákvæmilegrar notkunar á rannsóknarstofum og við greiningar, að því tilskildu að þau séu skráð og leyfi veitt fyrir þeim í samræmi við þessa grein.

2. Í samræmi við stjórnarnefndarmeðferðina, sem um getur í 2. mgr. 25. gr., skal framkvæmdastjórnin, ef við á, ákveða fyrir hvaða óhjákvæmilegu notkun á rannsóknarstofum og við greiningar má leyfa framleiðslu og innflutning á takmörkunarskyldum efnum, öðrum en vetnisklórflúorkolefnum, innan Bandalagsins, magnið, eftir því sem við á, innan hvaða tímabils undanþágan gildir og hvaða notendur geta nýtt sér þetta ákvæði um óhjákvæmilega notkun á rannsóknarstofu og við greiningar.

3. Takmörkunarskyld efni, sem eru framleidd eða sett á markað til óhjákvæmilegrar notkunar á rannsóknarstofum og við greiningar, má einungis nota í þeim tilgangi. Frá og með 1. júlí 2010 skal merkja geyma, sem innihalda slík efni, með skýrri ábendingu um að einungis megi nota efnið til óhjákvæmilegrar notkunar á rannsóknarstofum og við greiningar. Þegar þess er krafist að slík efni séu merkt í samræmi við tilskipun 67/548/EBE, tilskipun 1999/45/EB eða reglugerð (EB) nr. 1272/2008 skal slík ábending koma fram á merkimiðanum, sem um getur í þessum tilskipunum, eða á þeim hluta merkimiðans sem inniheldur viðbótarupplýsingar, eins og um getur í 3. mgr. 25. gr. þeirrar reglugerðar.

Framkvæmdastjórnin getur ákveðið form og innihald þess merkimiða sem notaður er. Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 3. mgr. 25. gr.

Takmörkunarskyld efni, sem um getur í fyrstu undirgrein, skulu einungis sett á markað og dreift áfram samkvæmt skilyrðum sem sett eru fram í V. viðauka. Framkvæmdastjórnin getur breytt þeim viðauka. Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 3. mgr. 25. gr.

4. Fyrirtæki, sem nota önnur takmörkunarskyld efni en vetnisklórflúorkolefni til óhjákvæmilegrar notkunar á rannsóknarstofum og við greiningar, skulu skrá sig hjá framkvæmdastjórninni og tilgreina hvaða efni eru notuð, í hvaða tilgangi, áætlaða ársnotkun og birgja efnanna og skulu uppfæra þær upplýsingar þegar breytingar verða.

5. Framleiðendur og innflytjendur, sem eru birgjar þeirra fyrirtækja, sem um getur í 4. mgr., eða nota takmörkunarskyld efni til eigin þarfa skulu, fyrir dag sem er tilgreindur í tilkynningu frá framkvæmdastjórninni, tilkynna framkvæmdastjórninni um áætlaða eftirspurn á því tímabili, sem tilgreint er í tilkynningunni, og tilgreina eðli og magn takmörkunarskyldra efna sem þörf er fyrir.

6. Framkvæmdastjórnin skal gefa út leyfi til framleiðenda og innflytjenda takmörkunarskyldra efna, annarra en vetnisklórflúorkolefna, sem framleidd eru eða flutt inn til óhjákvæmilegrar notkunar á rannsóknarstofum og við

Drög 9.7.2013

greiningar og skal tilkynna þeim hvaða notkun þeir hafa leyfi fyrir og hvaða efni þeir hafa leyfi til að setja á markað eða nýta til eigin þarfa og í hvaða magni. Magnið, sem er leyft á hverju ári með leyfum til einstakra framleiðenda og innflytjenda, skal ekki fara yfir 130% af ársmeðaltali reiknaðs magns takmörkunarskyldra efna sem leyfð voru fyrir hlutaðeigandi framleiðanda eða innflytjanda til óhjákvæmilegrar notkunar á rannsóknarstofum og við greiningar á árunum 2007 til 2009.

Heildarmagnið sem er leyft á hverju ári með leyfum, þ.m.t. leyfum fyrir vetnisklórflúorkolefnum skv. 2. mgr. 11. gr., skal ekki fara yfir 110 tonn ósoneyðingarmáttar. Úthluta má því magni, sem af gengur, til framleiðenda og innflytjenda sem ekki settu á markað eða notuðu takmörkunarskyld efni til eigin þarfa eða til óhjákvæmilegrar notkunar á rannsóknarstofum og við greiningar á árunum 2007 til 2009.

Framkvæmdastjórnin skal ákveða tilhögun á úthlutun kvóta til framleiðenda og innflytjenda. Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar, m.a. með því að bæta við hana, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 3. mgr. 25. gr.

7. Framleiðandi getur fengið leyfi frá lögbæru yfirvaldi, í því aðildarríki þar sem viðkomandi framleiðsla hans fer fram, til að framleiða takmörkunarskyldu efni, sem um getur í 1. mgr., í þeim tilgangi að uppfylla þörfina sem leyfin varða í samræmi við 6. mgr.

Lögbært yfirvald hlutaðeigandi aðildarríkis skal tilkynna framkvæmdastjórninni fyrir fram hafi það í hyggju að veita slíkt leyfi.

8. Að því marki sem bókunin leyfir getur lögbært yfirvald aðildarríkisins, þar sem viðkomandi framleiðsla framleiðanda fer fram, heimilað honum að framleiða eða fara fram úr reiknuðu framleiðslumagni, sem mælt er fyrir um í 6. mgr., til að fullnægja, að beiðni aðilanna að bókuninni, þörf vegna óhjákvæmilegrar notkunar á rannsóknarstofum og við greiningar af þeirra hálfu.

Lögbært yfirvald hlutaðeigandi aðildarríkis skal tilkynna framkvæmdastjórninni fyrir fram hafi það í hyggju að veita slíkt leyfi.

11. gr.

Framleiðsla vetnisklórflúorkolefna, notkun þeirra og setning á markað og setning vara og búnaðar, sem innihalda vetnisklórflúorkolefni eða virka ekki án þeirra, á markað

1. Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. má framleiða vetnisklórflúorkolefni, að því tilskildu að hver framleiðandi tryggi eftirfarandi:

- a) að reiknað magn vetnisklórflúorkolefnisframleiðslu hans, á tímabilinu 1. janúar 2010 til 31. desember 2010 og á hverju 12 mánaða tímabili þar á eftir fram til 31. desember 2013, fari ekki yfir 35% af reiknuðu framleiðslumagni hans á vetnisklórflúorkolefni árið 1997,
- b) að reiknað magn vetnisklórflúorkolefnisframleiðslu hans, á tímabilinu 1. janúar 2014 til 31. desember 2014 og á hverju 12 mánaða tímabili þar á eftir fram til 31. desember 2016, fari ekki yfir 14% af reiknuðu framleiðslumagni hans á vetnisklórflúorkolefni árið 1997,
- c) að reiknað magn vetnisklórflúorkolefnisframleiðslu hans, á tímabilinu 1. janúar 2017 til 31. desember 2017 og á hverju 12 mánaða tímabili þar á eftir fram til 31. desember 2019, fari ekki yfir 7% af reiknuðu framleiðslumagni hans á vetnisklórflúorkolefni árið 1997,
- d) að hann framleiði ekki vetnisklórflúorkolefni eftir 31. desember 2019.

2. Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. og 1. mgr. 5. gr. er heimilt að framleiða vetnisklórflúorkolefni, setja þau á markað og nota þau á rannsóknarstofum og við greiningar.

Ákvæði 3. –7. mgr. 10. gr. gilda að breyttu breytanda.

3. Þrátt fyrir ákvæði 5. gr. má, fram til 31. desember 2014, setja endurheimt vetnisklórflúorkolefni á markað og nota þau til viðhalds eða viðgerða á fyrirliggjandi kæli-, loftræsti- og varmadælubúnaði, að því tilskildu að geymirinn sé merktur með ábendingu um að efnið hafi verið endurheimt og með upplýsingum um lotunúmer og heiti og heimilisfang starfsstöðvarinnar þar sem endurheimtin fór fram.

Drög 9.7.2013

4. Fram til 31. desember 2014 má nota endurunnin vetnisklórflúorkolefni til viðhalds eða viðgerða á fyrirbyggjandi kæli-, loftræsti- og varmadælubúnaði, að því tilskildu að þau hafi verið endurheimt úr slíkum búnaði og þá einungis til nota hjá fyrirtækinu sem framkvæmdi endurheimtina sem hluta af viðhaldi eða viðgerðum eða sem endurheimtin var framkvæmd fyrir sem hluti af viðhaldi eða viðgerð.

5. Þrátt fyrir ákvæði 5. gr. má, fram til 31. desember 2019, setja vetnisklórflúorkolefni á markað til endurpökkunar og síðan útflutnings. Fyrirtæki, sem annast endurpökkun vetnisklórflúorkolefna og flytja þau síðan út, skulu skrá sig hjá framkvæmdastjórninni og tilgreina takmörkunarskyldu efnin sem um er að ræða, áætlaða eftirspurn eftir þeim á ári og birgja efnanna og skulu uppfæra þessar upplýsingar þegar breytingar verða.

6. Þegar endurheimt eða endurunnin vetnisklórflúorkolefni eru notuð til viðhalds eða viðgerða skal viðkomandi kæli-, loftræsti- og varmadælubúnaður merktur með ábendingu um tegund efnisins, magni þess í búnaðinum og þeim merkingaratriðum sem mælt er fyrir um í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 fyrir efni eða blöndur sem flokkuð eru sem hættuleg ósonlaginu.

7. Fyrirtæki sem nota búnaðinn sem um getur í 4. mgr., sem inniheldur 3 kg vökvahleðslu eða þar yfir, skulu halda skrá um magn og tegund endurheimtra og viðbættra efna og um fyrirtækið eða tæknimanninn sem annaðist viðhaldið eða viðgerðina.

Fyrirtæki, sem nota endurheimt eða endurunnin vetnisklórflúorkolefni til viðhalds eða viðgerða, skulu halda skrá yfir þau fyrirtæki sem hafa afhent þeim endurheimt vetnisklórflúorkolefni og yfir uppruna endurunnin vetnisklórflúorkolefnanna.

8. Þrátt fyrir ákvæði 5. og 6. gr. getur framkvæmdastjórnin, að beiðni lögbærs yfirvalds aðildarríkis og í samræmi við stjórnarnefndarmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 25. gr., heimilað tímabundna undanþágu til að leyfa notkun vetnisklórflúorkolefna og vara og búnaður, sem innihalda vetnisklórflúorkolefni eða virka ekki án þeirra, og setningu þeirra á markað þegar sýnt hefur verið fram á að til ákveðinnar notkunar standa tæknilega möguleg eða fjárhagslega hagkvæm staðgönguefni eða staðgöngutækni ekki til boða eða eru ónothæf.

Þessa undanþágu má ekki heimila lengur en til 31. desember 2019.

12. gr.

Notkun metýlbrómíðs til meðhöndlunar gegn kvíuðum skaðvöldum og meðhöndlunar fyrir flutning og til neyðarnotkunar

1. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 5. gr. má, fram til 18. mars 2010, setja metýlbrómíð á markað og nota það til meðhöndlunar gegn kvíuðum skaðvöldum og til meðhöndlunar á útflutningsvörum fyrir flutning, að því tilskildu að setning metýlbrómíðs á markað og notkun þess séu leyfð samkvæmt landslöggið í samræmi við tilskipun 91/414/EBE og tilskipun 98/8/EB, eftir því sem við á.

Einungis má nota metýlbrómíð á starfsstöðvum sem lögbær yfirvöld hlutaðeigandi aðildarríkis hafa samþykkt og, ef slíkt er efnahagslega hagkvæmt og tæknilega mögulegt, með því skilyrði að a.m.k. 80% af metýlbrómíðinu, sem losnar úr sendingunni, sé endurheimt.

2. Reiknað magn metýlbrómíðs, sem fyrirtæki setja á markað eða nota til eigin þarfa á tímabilinu frá 1. janúar 2010 til 18. mars 2010, skal ekki vera meira en 45 tonn ósoneyðingarmáttar.

Hvert fyrirtæki skal sjá til þess að reiknað magn metýlbrómíðs, sem það setur á markað eða notar til eigin þarfa til meðhöndlunar gegn kvíuðum skaðvöldum og til meðhöndlunar fyrir flutning, sé ekki meira en 21% þess reiknaða magns metýlbrómíðs sem það setti á markað eða notaði til eigin þarfa til meðhöndlunar gegn kvíuðum skaðvöldum og til meðhöndlunar fyrir flutning á árunum 2005 til 2008.

Drög 9.7.2013

3. Ef neyðarástand kemur upp getur framkvæmdastjórnin, að beiðni lögbærs yfirvalds aðildarríkis, leyft tímabundna framleiðslu, setningu á markað og notkun á metýlbrómíði ef nauðsynlegt reynist vegna óvæntrar uppkomu tiltekinna skaðvalda eða sjúkdóma, að því tilskildu að setning metýlbrómíðs á markað og notkun þess sé leyfð samkvæmt tilskipun 91/414/EBE og tilskipun 98/8/EB, eftir því sem við á.

Slíkt leyfi skal ekki gilda lengur en í 120 daga og mest fyrir 20 tonn og í því skal tilgreina ráðstafanir sem skal gera til að draga úr losun á meðan á notkun stendur.

13. gr.

Neyðarnotkun halóna og ónýting búnaðar sem inniheldur halón

1. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 5. gr. má setja halón á markað og nota þau í þeim neyðartilvikum sem fjallað er um í VI. viðauka. Einungis fyrirtæki, sem hafa til þess leyfi frá lögbæru yfirvaldi hlutaðeigandi aðildarríkis, mega geyma halón til neyðarnotkunar.

2. Framkvæmdastjórnin skal endurskoða VI. viðauka og, ef við á, samþykkja breytingar og tímaramma til að hætta neyðarnotkun í áföngum með því að skilgreina tímamörk fyrir nýja notkun og lokadagsetningar fyrir notkun sem þegar er fyrir hendi, að teknu tilliti til tæknilega mögulegra og efnahagslega hagkvæmra staðgönguefna eða tækni sem eru viðunandi út frá umhverfis- og heilbrigðissjónarmiðum.

Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar, m.a. með því að bæta við hana, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 3. mgr. 25. gr.

3. Ónýta skal brunavarnarkerfi og slökkvitæki, sem innihalda halón og eru notuð í tilgangi sem um getur í 1. mgr., fyrir þær lokadagsetningar sem tilgreindar verða í VI. viðauka.

4. Framkvæmdastjórnin getur, að beiðni lögbærs yfirvalds aðildarríkis og í samræmi við stjórnarnefndarmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 25. gr., veitt undanþágur frá lokadagsetningum fyrir notkun, sem þegar er fyrir hendi, eða tímamörkum fyrir nýja notkun í sérstökum tilvikum þegar sýnt hefur verið fram á að engir tæknilega mögulegir og efnahagslega hagkvæmir staðgöngukostir standa til boða, að því tilskildu að dagsetningarnar hafi verið tilgreindar í VI. viðauka í samræmi við 2. mgr.

14. gr.

Framsal réttinda og iðnaðarhagræðing

1. Allir framleiðendur eða innflytjendur, sem hafa rétt til að setja takmörkunarskyld efni á markað eða nota þau til eigin þarfa, mega framselja þann rétt, að því er varðar hluta magnsins eða allt magnið sem hefur verið fastsett fyrir viðkomandi flokk efna í samræmi við þessa grein, til hvaða framleiðanda eða innflytjanda þess flokks efna innan Bandalagsins sem er. Tilkynna skal framkvæmdastjórninni fyrir fram um slíkt framsal. Framsal á réttinum til setningar á markað eða notkunar skal ekki fela í sér frekari rétt til framleiðslu eða innflutnings.

2. Að því marki sem bókunin leyfir getur lögbært yfirvald aðildarríkisins, þar sem viðkomandi framleiðsla tiltekins framleiðanda fer fram, heimilað framleiðandanum að framleiða umfram reiknaða framleiðslumagnið, sem mælt er fyrir um í 10. gr. og 2. mgr. 11. gr., vegna iðnaðarhagræðingar í hlutaðeigandi aðildarríki, að því tilskildu að reiknað framleiðslumagn þess aðildarríkis fari ekki yfir summu reiknaðs framleiðslumagns innlendra framleiðenda aðildarríkisins, eins og mælt er fyrir um í 10. gr. og 2. mgr. 11. gr., fyrir viðkomandi tímabil. Lögbært yfirvald hlutaðeigandi aðildarríkis skal tilkynna framkvæmdastjórninni fyrir fram hafi það í hyggju að veita slíkt leyfi.

3. Að því marki sem bókunin leyfir getur framkvæmdastjórnin, í samráði við lögbært yfirvald aðildarríkisins þar sem viðkomandi framleiðsla tiltekins framleiðanda fer fram, heimilað framleiðandanum að framleiða umfram reiknaða framleiðslumagnið, sem mælt er fyrir um í 10. gr. og 2. mgr. 11. gr., vegna iðnaðarhagræðingar milli aðildarríkja, að því tilskildu að reiknað framleiðslumagn hlutaðeigandi aðildarríkja sé samanlagt ekki meira en summa reiknaðs framleiðslumagns innlendra framleiðanda aðildarríkjanna, eins og mælt er fyrir um í 10. gr. og 2.

Drög 9.7.2013

mgr. 11. gr., fyrir viðkomandi tímabil. Einnig er krafist samþykkis lögbæra yfirvaldsins í aðildarrákinu þar sem ætlunin er að draga úr framleiðslu.

4. Að því marki sem bókunin leyfir getur framkvæmdastjórnin, í samráði við bæði lögbært yfirvald aðildarríkisins, þar sem viðkomandi framleiðsla tiltekins framleiðanda fer fram, og ríkisstjórn hlutaðeigandi þriðja lands, sem er aðili að bókuninni, heimilað framleiðandanum að leggja saman reiknaða framleiðslumagnið, sem mælt er fyrir um í 10. gr. og 2. mgr. 11. gr., og reiknað framleiðslumagn sem framleiðandi frá þriðja landi, sem er aðili að bókuninni, hefur leyfi til að framleiða samkvæmt bókuninni og landslögum viðkomandi framleiðanda vegna iðnaðarhagræðingar við þriðja land sem er aðili að bókuninni, að því tilskildu að samanlagt reiknað framleiðslumagn framleiðendanna tveggja sé ekki meira en summa reiknaðs framleiðslumagns, sem framleiðandinn innan Bandalagsins hefur leyfi fyrir skv. 10. gr. og 2. mgr. 11. gr., og reiknaðs framleiðslumagns sem framleiðandinn í þriðja landinu, sem er aðili að bókuninni, hefur leyfi fyrir samkvæmt bókuninni og viðeigandi landslögum þriðja landsins.

IV. KAFLI

VIÐSKIPTI

15. gr.

Innflutningur á takmörkunarskyldum efnum eða vörum og búnaði sem innihalda takmörkunarskyld efni eða virka ekki án þeirra

1. Innflutningur á takmörkunarskyldum efnum eða vörum og búnaði, öðrum en persónulegum munum, sem innihalda þessi efni eða virka ekki án þeirra, er bannaður.

2. Bannið, sem sett er fram í 1. mgr., gildir ekki um innflutning á:

- a) takmörkunarskyldum efnum sem eru ætluð til notkunar á rannsóknarstofum eða við greiningar sem um getur í 10. gr. og 2. mgr. 11. gr.,
- b) takmörkunarskyldum efnum sem nota á sem hráefni,
- c) takmörkunarskyldum efnum sem nota á sem hjálparefni við vinnslu,
- d) takmörkunarskyldum efnum til eyðingar með tækni sem um getur í 2. mgr. 22. gr.,
- e) til 31. desember 2019: vetnisklórflúorkolefnum sem á að endurpakka og síðan flytja út eigi síðar en 31. desember á næsta almanaksári til aðila að bókuninni þar sem notkun eða innflutningur á því vetnisklórflúorkolefni er ekki bannaður,
- f) metýlbrómíði til neyðarnotkunar sem um getur í 3. mgr. 12. gr. eða, fram til 31. desember 2014, til endurpökkunar og síðan útflutnings til meðhöndlunar gegn kvíðum skaðvöldum og meðhöndlunar fyrir flutning, að því tilskildu að endurútflutningur eigi sér stað á innflutningsárinu,
- g) endurheimtum, endurunnum eða uppunnum halónum, með því skilyrði að þau séu einungis flutt inn til neyðarnotkunar, sem um getur í 1. mgr. 13. gr., af fyrirtækjum sem hafa leyfi frá lögbæru yfirvaldi hlutaðeigandi aðildarríkis til að geyma halón til neyðarnotkunar,
- h) vörum og búnaði, sem innihalda takmörkunarskyld efni eða virka ekki án þeirra, til eyðingar, eftir atvikum með tækni sem um getur í 2. mgr. 22. gr.,
- i) vörum og búnaði, sem innihalda takmörkunarskyld efni eða virka ekki án þeirra, til að fullnægja þörf vegna notkunar á rannsóknarstofum og við greiningar sem um getur í 10. gr. og 2. mgr. 11. gr.,

Drög 9.7.2013

- j) vörum og búnaði, sem innihalda halón eða virka ekki án þess, til að fullnægja þörf vegna neyðarnotkunar sem um getur í 1. mgr. 13. gr.,
- k) vörum og búnaði, sem inniheldur vetnisklórflúorkolefni, sem leyft hefur verið að setja á markað í samræmi við 5. mgr. 11. gr.

3. Kraftist er framvísunar innflutningsleyfis fyrir innflutningi sem um getur í 2. mgr., að undanteknum innflutningi til umflutnings um tollsvæði Bandalagsins eða innflutningi samkvæmt málsmeðferð um tímabundna geymslu, geymslu í tollvörugeymslu eða frísvæði, sem um getur í reglugerð (EB) nr. 450/2008, að því tilskildu að innflutningsvörurnar séu ekki lengur inni á tollsvæði Bandalagsins en 45 daga og að þær séu ekki settar í frjálsa dreifingu innan Bandalagsins, eyðilagðar eða unnar eftir þann tíma. Framkvæmdastjórnin skal gefa út slík leyfi þegar hún hefur sannprófað að ákvæði 16. og 20. gr. séu virt.

16. gr.

Setning innfluttra, takmörkunarskyldra efna í frjálsa dreifingu innan Bandalagsins

1. Setning innfluttra, takmörkunarskyldra efna í frjálsa dreifingu innan Bandalagsins skal vera háð magntakmörkunum. Framkvæmdastjórnin skal ákveða þessar takmarkanir og úthluta kvótum til fyrirtækja fyrir tímabilið frá 1. janúar til 31. desember 2010 og fyrir hvert 12 mánaða tímabil þar á eftir, í samræmi við stjórnarnefndarmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 25. gr.

Kvótunum, sem um getur í fyrstu undirgrein, skal einungis úthlutað fyrir eftirfarandi efni:

- a) takmörkunarskyld efni ef þau eru notuð á rannsóknarstofum og við greiningar eða til neyðarnotkunar, eins og um getur í 10. gr., 2. mgr. 11. gr. og 13. gr.,
- b) takmörkunarskyld efni ef þau eru notuð sem hráefni,
- c) takmörkunarskyld efni ef þau eru notuð sem hjálparefni við vinnslu.

2. Eigi síðar en dag, sem er tilgreindur í tilkynningu frá framkvæmdastjórninni, skulu innflytjendur efna, sem um getur í a-, b- og c-lið 1. mgr., tilkynna framkvæmdastjórninni um áætlaða eftirspurn og tilgreina eðli og magn takmörkunarskyldu efnanna sem þörf er fyrir. Framkvæmdastjórnin skal, á grundvelli þessara yfirlýsinga, setja magntakmarkanir á innflutning á efnunum sem um getur í a-, b- og c-lið 1. mgr.

17. gr.

Útflutningur á takmörkunarskyldum efnunum eða vörum og búnaði sem innihalda takmörkunarskyld efni eða virka ekki án þeirra

1. Útflutningur á takmörkunarskyldum efnunum eða vörum og búnaði, öðrum en persónulegum munum, sem innihalda þessi efni eða sem virka ekki án þeirra, er bannaður.

2. Bannið, sem sett er fram í 1. mgr., gildir ekki um útflutning á:

- a) takmörkunarskyldum efnunum sem eru ætluð til notkunar á rannsóknarstofum eða við greiningar sem um getur í 10. gr.,
- b) takmörkunarskyldum efnunum sem nota á sem hráefni,
- c) takmörkunarskyldum efnunum sem nota á sem hjálparefni við vinnslu,
- d) vörum og búnaði sem innihalda takmörkunarskyld efni, sem eru framleidd í samræmi við 7. mgr. 10. gr. eða flutt inn samkvæmt h- eða i-lið 2. mgr. 15. gr., eða virka ekki án þeirra,

Drög 9.7.2013

- e) endurheimtum, endurrunnum eða uppunnum halónum, sem fyrirtæki með leyfi frá lögbæru yfirvaldi aðildarríkis geyma til neyðarnotkunar, sem um getur í 1. mgr. 13. gr., og vörum og búnaði, sem innihalda halón eða virka ekki án þess, til að fullnægja þörf vegna neyðarnotkunar,
- f) ónotuðum eða uppunnum vetnisklórflúorkolefnum til annarar notkunar en eyðingar,
- g) til 31. desember 2014, metýlbrómíði sem er endurútflutt til notkunar við meðhöndlun gegn kvíuðum skaðvöldum og meðhöndlun fyrir flutning,
- h) innúðaskömmturum sem eru framleiddir með klórflúorkolefni sem heimilað hefur verið að nota á grundvelli 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 2037/2000.

3. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. getur framkvæmdastjórnin, að beiðni lögbærs yfirvalds aðildarríkis og í samræmi við stjórnarnefndarmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 25. gr., leyft útflutning á vörum og búnaði sem innihalda vetnisklórflúorkolefni ef sýnt er fram á að bann við útflutningi þessarar tilteknu vöru mundi valda óhóflegri byrði fyrir innflytjandann í ljósi efnahagslegs gildis vörunnar og þess líftíma sem áætlað er að varan eigi eftir. Framkvæmdastjórnin þarf að tilkynna innflutningslandinu fyrir fram um slíkan útflutning.

4. Leyfi þarf fyrir útflutningi sem um getur í 2. og 3. mgr., að undanskildum endurútflutningi eftir umflutning um tollsvæði Bandalagsins, tímabundna geymslu, geymslu í tollvöruheimslylu eða frísvæðismálsmeðferð, eins og um getur í reglugerð (EB) nr. 450/2008, að því tilskildu að endurútflutningur eigi sér stað eigi síðar en 45 dögum eftir innflutning. Framkvæmdastjórnin skal gefa út útflutningsleyfið til fyrirtækja þegar hún hefur sannprófað að farið sé að ákvæðum 20. gr.

18. gr.

Veiting inn- og útflutningsleyfa

1. Framkvæmdastjórnin skal koma á rafrænu leyfisveitingakerfi og reka það og taka ákvörðun um leyfisumsóknir innan 30 daga frá viðtöku umsóknanna.

2. Umsóknir um leyfi, sem um getur í 15. og 17. gr., skulu lagðar inn í gegnum kerfið sem um getur í 1. mgr. Fyrirtæki skulu skrá sig inn í það kerfi áður en þau leggja inn umsóknir.

3. Umsókn um leyfi skal innihalda upplýsingar um eftirfarandi:

- a) heiti og heimilisfang innflytjandans og útflytjandans,
- b) innflutningsland og útflutningsland,
- c) þegar um er að ræða innflutning eða útflutning á takmörkunarskyldum efnum: lýsingu á hverju takmörkunarskyldu efni, þ.m.t.:
 - i. verslunarheiti,
 - ii. lýsingu og SN-númer eins og mælt er fyrir um í IV. viðauka,
 - iii. hvort efnið er ónotað, endurheimt, endurrunnið eða uppunnið,
 - iv. magn efnisins í kílógrömmum,
 - v. ef um er að ræða halón: yfirlýsing um að þau séu ætluð til innflutnings eða útflutnings til að fullnægja þörf vegna neyðarnotkunar sem um getur í 1. mgr. 13. gr., ásamt tilgreiningu á því um hvaða notkun er að ræða,
- d) ef um er að ræða innflutning eða útflutning á vörum og búnaði sem innihalda takmörkunarskyld efni eða virka ekki án þeirra:
 - i. tegund og eðli vörunnar og búnaðarins,

Drög 9.7.2013

- ii. fyrir teljanlega hluti: fjölda eininga, lýsingu á og magn hvers takmörkunarskylds efnis á hverja einingu í kílógrömmum,
 - iii. fyrir óteljanlega hluti: heildarmagn vörunnar, lýsingu á hverju takmörkunarskyldu efni og heildarnettómagn hvers takmörkunarskylds efnis í kílógrömmum,
 - iv. landið eða löndin sem eru lokaviðtökustaður vörunnar og búnaðarins,
 - v. hvort takmörkunarskylda efnið er ónotað, endurheimt, endurunnið eða uppunnið,
 - vi. ef um er að ræða innflutning eða útflutning á vörum og búnaði sem innihalda halón eða virka ekki án þess: yfirlýsingu um að þau séu ætluð til innflutnings eða útflutnings til að fullnægja þörf vegna neyðarnotkunar sem um getur í 1. mgr. 13. gr., ásamt tilgreiningu á því um hvaða notkun er að ræða,
 - vii. ef um er að ræða vörur og búnað sem innihalda vetnisklórflúorkolefni eða virka ekki án þeirra: tilvísun í leyfið frá framkvæmdastjórninni sem um getur í 3. mgr. 17. gr.,
 - viii. SN-númer vörunnar eða búnaðarins sem á að flytja inn eða út,
- e) tilgang fyrirhugaðs innflutnings, þ.m.t. fyrirhugaða tollmeðferð og notkun, ásamt tilgreiningu, þegar við á, á fyrirhugaðri tollafgreiðslumeðferð,
 - f) staðsetningu og áætlaða dagsetningu fyrirhugaðs inn- eða útflutnings,
 - g) á hvaða tollstöð vörunum verður framvísað,
 - h) ef um er að ræða innflutning takmörkunarskyldra efna eða vöru og búnaðar til eyðingar: heiti og heimilisfang starfsstöðvarinnar þar sem eyðingin mun fara fram,
 - i) aðrar upplýsingar sem lögbært yfirvald aðildarríkis telur nauðsynlegar.

4. Hver innflytjandi eða útflytjandi skal tilkynna framkvæmdastjórninni um allar breytingar sem kunna að verða á gildistíma leyfisins, að því er varðar þau gögn sem tilkynnt er um skv. 3. mgr.

5. Framkvæmdastjórnin getur krafist vottorðs, sem staðfestir eðli eða samsetningu efna sem á að flytja inn eða út, og getur krafist þess að fá afrit af leyfinu sem inn- eða útflutningslandið gefur út.

6. Framkvæmdastjórnin getur, að svo miklu leyti sem nauðsyn krefur og í sérstökum tilvikum, deilt innsendum gögnum með lögbærum yfirvöldum viðkomandi aðila að bókuninni og getur hafnað umsókn um leyfi ef einhverjar viðeigandi skyldur, sem settar eru fram í þessari reglugerð, eru ekki uppfylltar eða af eftirfarandi ástæðum:

- a) ef um innflutningsleyfi er að ræða: ef það er staðfest á grundvelli upplýsinga frá lögbærum yfirvöldum hlutaðeigandi lands að útflytjandinn sé ekki fyrirtæki sem hefur heimild til að versla með viðkomandi efni í því landi,
- b) ef um útflutningsleyfi er að ræða: ef lögbær yfirvöld innflutningslandsins hafa upplýst framkvæmdastjórnina um að innflutningur takmörkunarskylda efnisins mundi teljast vera ólögleg viðskipti eða að hann mundi hafa neikvæð áhrif á framkvæmd eftirlitsráðstafana, sem innflutningslandið hefur gert til að sinna skyldum sínum samkvæmt bókuninni, eða að hann mundi verða til þess að farið yrði yfir magntakmarkanir þess lands samkvæmt bókuninni.

7. Framkvæmdastjórnin skal gera afrit af hverju leyfi aðgengilegt fyrir lögbært yfirvald hlutaðeigandi aðildarríkis.

Drög 9.7.2013

8. Framkvæmdastjórnin skal, eins fljótt og auðið er, tilkynna umsækjandanum og hlutaðeigandi aðildarríki um allar leyfisumsóknir sem er hafnað skv. 6. mgr. og tilgreina ástæðuna fyrir höfnuninni.

9. Framkvæmdastjórnin getur breytt skránni yfir þær upplýsingar sem eru tilgreindar í 3. mgr. og IV. viðauka. Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 3. mgr. 25. gr.

19. gr.

Ráðstafanir til vöktunar á ólöglegum viðskiptum

Framkvæmdastjórnin getur samþykkt viðbótarráðstafanir til að vakta takmörkunarskyld efni eða ný efni og vörur og búnað, sem innihalda takmörkunarskyld efni eða virka ekki án þeirra, sem falla undir málsmeðferð um tímabundna geymslu, geymslu í tollvöruhegrymslu eða frísvæði eða eru í umflutningi um tollsvæði Bandalagsins og eru síðan endurútflutt, á grundvelli mats á hugsanlegri áhættu á ólöglegum viðskiptum sem tengjast slíkum flutningum og að teknu tilliti til umhverfislegs ávinnings og félagslegra og hagrænna áhrifa slíkra ráðstafana.

Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar, m.a. með því að bæta við hana, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 3. mgr. 25. gr.

20. gr.

Viðskipti við ríki sem ekki er aðili að bókuninni og svæði sem ekki fellur undir hana

1. Inn- og útflutningur á takmörkunarskyldum efnum og vörum og búnaði, sem innihalda takmörkunarskyld efni eða virka ekki án þeirra, til og frá ríkjum sem ekki eru aðilar að bókuninni er bannaður.

2. Framkvæmdastjórnin getur samþykkt reglur um setningu í frjálsa dreifingu í Bandalaginu fyrir vörur og búnað sem eru flutt inn frá ríki sem er ekki aðili að bókuninni og eru framleidd með takmörkunarskyldum efnum en innihalda ekki efni sem hægt er að sanngreina með óyggjandi hætti að séu takmörkunarskyld. Við sanngreiningu slíkrar vöru og búnaðar skal farið eftir tæknilegri ráðgjöf sem aðilarnir að bókuninni fá með jöfnu millibili. Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar, m.a. með því að bæta við hana, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 3. mgr. 25. gr.

3. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. getur framkvæmdastjórnin leyft viðskipti með takmörkunarskyld efni og vörur og búnað, sem innihalda slík efni eða virka ekki án þeirra eða eru framleidd með einu eða fleiri slíkum efnum, við ríki sem er ekki aðili að bókuninni, að því marki sem ríkið, sem ekki er aðili að bókuninni, teljist á fundi aðilanna skv. 8. mgr. 4. gr. bókunarinnar fara í einu og öllu að bókuninni og hafi lagt fram gögn þar að lútandi eins og tilgreint er í 7. gr. bókunarinnar. Framkvæmdastjórnin tekur ákvarðanir í samræmi við stjórnarnefndarmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 25. gr. þessarar reglugerðar.

4. Með fyrirvara um ákvörðun, sem er tekin samkvæmt annarri undirgrein, gilda ákvæði 1. mgr. um yfirráðasvæði sem falla ekki undir bókunina á sama hátt og þau gilda um ríki sem eru ekki aðilar að bókuninni.

Fari yfirvöld á yfirráðasvæði, sem fellur ekki undir bókunina, í einu og öllu að bókuninni og hafi þau lagt fram gögn þar að lútandi eins og um getur í 7. gr. bókunarinnar getur framkvæmdastjórnin ákveðið að sum eða öll ákvæði 1. mgr. þessarar greinar gildi ekki að því er umrætt yfirráðasvæði varðar.

Framkvæmdastjórnin skal taka ákvörðun í samræmi við stjórnarnefndarmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 25. gr.

21. gr.

Skrá yfir vörur og búnað sem innihalda takmörkunarskyld efni eða virka ekki án þeirra

Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 1. janúar 2010, veita aðgang að skrá yfir vörur og búnað, sem gætu innihaldið eða ekki virkað án takmörkunarskyldra efna, og yfir númer í sameinuðu nafnaskránni, til leiðbeiningar fyrir tollýfirvöld aðildarríkjanna.

Drög 9.7.2013

V. KAFLI
STJÓRNUN Á LOSUN

22. gr.

Endurheimt og eyðing notaðra, takmörkunarskyldra efna

1. Takmörkunarskyld efni í kæli-, loftræsti- og varmadælubúnaði, búnaði sem inniheldur leysiefni eða brunavarnarkerfum og slökkvitækjum skulu endurheimt á meðan á viðhaldi eða viðgerð á búnaðinum stendur eða áður en hann er tekinn í sundur eða honum fargað í því skyni að eyða þeim, endurvinnna þau eða uppvinna.

2. Einungis skal eyða takmörkunarskyldum efnum og vörum, sem innihalda slík efni, með viðurkenndri tækni sem skráð er í VII. viðauka eða, ef um er að ræða takmörkunarskyld efni sem ekki er getið um í þeim viðauka, með þeirri eyðingartækni sem er heppilegust fyrir umhverfið og felur ekki í sér óhóflegan kostnað, að því tilskildu að notkun þeirrar tækni samræmist löggjöf Bandalagsins og landslöggjöf um úrgang og að farið sé að viðbótarkröfum samkvæmt slíkri löggjöf.

3. Framkvæmdastjórnin getur breytt VII. viðauka til að taka tillit til nýrrar tækniþróunar.

Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 3. mgr. 25. gr.

4. Takmörkunarskyld efni í vörum og búnaði, öðrum en þeim sem um getur í 1. mgr., skulu, ef það er tæknilega mögulegt og efnahagslega hagkvæmt, endurheimt til eyðingar, endurvinnslu eða uppvinnslu eða skal eytt án undanfarandi endurheimtar með þeirri tækni sem um getur í 2. mgr.

Framkvæmdastjórnin skal semja viðauka við þessa reglugerð með skrá yfir vörur og búnað, sem talið er að sé tæknilega mögulegt og efnahagslega hagkvæmt að endurheimta takmörkunarskyld efni úr eða eyða án undanfarandi endurheimtar á takmörkunarskyldum efnum, og tilgreina, ef við á, hvaða tækni skuli beita. Með öllum drögum að ráðstöfunum um gerð slíks viðauka skal fylgja ítarlegt, efnahagslegt mat á kostnaði og ávinningi, ráðstöfunum til stuðnings, að teknu tilliti til mismunandi aðstæðna í aðildarríkjunum.

Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar, m.a. með því að bæta við hana, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 3. mgr. 25. gr.

5. Aðildarríkin skulu gera ráðstafanir til að stuðla að endurheimt, endurvinnslu, uppvinnslu og eyðingu takmörkunarskyldra efna og skulu skilgreina lágmarkskröfur um menntun og hæfi viðkomandi starfsfólks.

Framkvæmdastjórnin skal meta ráðstafanir aðildarríkjanna og getur, í ljósi þessa mats og tæknilegra upplýsinga og annarra viðeigandi upplýsinga, eins og við á, samþykkt ráðstafanir varðandi þessar lágmarkskröfur um menntun og hæfi.

Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar, m.a. með því að bæta við hana, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 3. mgr. 25. gr.

23. gr.

Leki og losun takmörkunarskyldra efna

1. Fyrirtæki skulu gera allar raunhæfar varúðarráðstafanir til að koma í veg fyrir og lágmarka leka og losun takmörkunarskyldra efna.

2. Fyrirtæki, sem nota kæli-, loftræsti- eða varmadælubúnað eða brunavarnarkerfi, þ.m.t. rásir þeirra, sem innihalda takmörkunarskyld efni skulu sjá til þess að kyrrstæður búnaður eða kerfi:

Drög 9.7.2013

- a) sem innihalda 3 kg eða meira af takmörkunarskyldum efnum í fljótandi formi, séu athuguð með tilliti til leka a.m.k. á 12 mánaða fresti en þetta gildir ekki um búnað með loftþéttum kerfum sem er merktur sem slíkur og inniheldur minna en 6 kg af takmörkunarskyldum efnum,
- b) sem innihalda 30 kg eða meira af takmörkunarskyldum efnum í fljótandi formi, séu athuguð með tilliti til leka a.m.k. á 6 mánaða fresti,
- c) sem innihalda 300 kg eða meira af takmörkunarskyldum efnum í fljótandi formi, séu athuguð og könnuð með tilliti til leka a.m.k. á 3 mánaða fresti

og, ef leki finnst, að gert sé við hann eins fljótt og auðið er og ávallt innan 14 daga.

Skoða skal búnaðinn eða kerfið með tilliti til leka innan mánaðar eftir að gert er við leka til að tryggja að viðgerðin hafi tekist eins og til var ætlast.

3. Fyrirtækin, sem um getur í 2. mgr., skulu halda skrár yfir magn og tegund viðbættra, takmörkunarskyldra efna og yfir magnið sem er endurheimt í tengslum við viðhald, viðgerðir og endanlega förgun búnaðarins eða kerfanna sem um getur í þeirri málsgrein. Þau skulu einnig halda skrár yfir aðrar viðeigandi upplýsingar, þ.m.t. deili á fyrirtækinu eða tæknimanninum sem annaðist viðhaldið eða viðgerðina, sem og yfir dagsetningar og niðurstöður úr lekaprófunum sem gerðar eru. Þessar skrár skulu gerðar aðgengilegar lögbæru yfirvaldi aðildarríkis og framkvæmdastjórninni að beiðni þeirra.

4. Aðildarríkin skulu skilgreina lágmarkskröfur um menntun og hæfi starfsfólks sem vinnur þau störf sem um getur í 2. mgr. Í ljósi mats á þessum ráðstöfunum aðildarríkjanna og tæknilegra upplýsinga og annarra viðeigandi upplýsinga getur framkvæmdastjórnin samþykkt ráðstafanir varðandi samræmingu á þessum lágmarkskröfum um menntun og hæfi.

Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar, m.a. með því að bæta við hana, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 3. mgr. 25. gr.

5. Fyrirtæki skulu gera allar raunhæfar varúðarráðstafanir til að koma í veg fyrir og lágmarka leka og losun takmörkunarskyldra efna sem eru notuð sem hráefni og hjálparefni við vinnslu.

6. Fyrirtæki skulu gera allar raunhæfar varúðarráðstafanir til að koma í veg fyrir og lágmarka leka og losun takmörkunarskyldra efna sem verða fyrir slysi til við framleiðslu annarra efna.

7. Framkvæmdastjórnin er heimilt að taka saman skrá yfir tækni eða starfsvenjur sem fyrirtæki skulu nota til að koma í veg fyrir og lágmarka leka og losun takmörkunarskyldra efna.

Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar, m.a. með því að bæta við hana, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 3. mgr. 25. gr.

VI. KAFLI

NÝ EFNI

24. gr.

Ný efni

1. Bannað er að framleiða, flytja inn, setja á markað, nota og flytja út ný efni sem skráð eru í A. hluta II. viðauka. Þetta bann nær ekki til nýrra efna, ef þau eru notuð sem hráefni eða á rannsóknarstofum eða við greiningar, né til innflutnings til umflutnings um tollsvæði Bandalagsins eða innflutnings samkvæmt málsmeðferð um tímabundna geymslu, geymslu í tollvörugueymslu eða frísvæði, sem um getur í reglugerð (EB) nr. 450/2008, nema

Drög 9.7.2013

slíkur innflutningur hafi fengið aðra lögmæta tollmeðferð eða notkun sem um getur í þeirri reglugerð, eða til útflutnings á eftir innflutningi sem þegar hefur fengist undanþága fyrir.

2. Framkvæmdastjórnin skal, ef við á, skrá í A. hluta II. viðauka efni sem eru skráð í B. hluta þess viðauka og sem vítað er að eru flutt út, flutt inn, framleidd eða sett á markað í umtalsverðu magni og sem sérfræðinganefnd um vísindalegt mat, sem komið var á fót samkvæmt bókuninni, telur að hafi verulegan ósoneyðingarmátt og skal, ef við á, ákveða hugsanlegar undanþágur frá ákvæðum 1. mgr.

Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 3. mgr. 25. gr.

3. Í ljósi viðeigandi vísindalegra upplýsinga skal framkvæmdastjórnin, ef við á, skrá í B. hluta II. viðauka efni sem eru ekki takmörkunarskyld en sem sérfræðinganefndin um vísindalegt mat, sem komið var á fót samkvæmt bókuninni, eða annað jafngilt, viðurkennt yfirvald telur að hafi verulegan ósoneyðingarmátt. Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 3. mgr. 25. gr.

VII. KAFLI

NEFND, SKÝRSLUGJÖF, SKOÐUN OG VIÐURLÖG

25. gr.

Nefnd

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 4. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

Fresturinn, sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 4. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera einn mánuður.

3. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. gr. a (1.–4. mgr.) og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

26. gr.

Skýrslugjöf aðildarríkjanna

1. Eigi síðar en 30. júní ár hvert skulu aðildarríkin senda framkvæmdastjórninni skýrslu á rafrænu formi um næstliðið almanaksár sem inniheldur upplýsingar um eftirfarandi:

a) magn metýlbrómíðs sem leyft hefur verið skv. 2. og 3. mgr. 12. gr. til ýmiss konar meðhöndlunar gegn kvíðum skaðvöldum og meðhöndlunar fyrir flutning á yfirráðasvæði þeirra, ásamt því að tiltaka til hvers metýlbrómíðið var notað og framfarir í mati á staðgöngukostum og í notkun þeirra,

b) magn halóna, sem er fyllt á, notað og geymt til neyðarnotkunar skv. 1. mgr. 13. gr., ráðstafanir til að draga úr losun þeirra og mat á slíkri losun og framfarir í mati á fullnægjandi staðgönguefnum og í notkun þeirra,

c) tilvik ólöglegra viðskipta, einkum þeirra sem uppgötvast hafa í skoðunum sem gerðar voru skv. 28. gr.

2. Framkvæmdastjórnin skal, í samræmi við stjórnarnefndarmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 25. gr., ákveða á hvaða sniði skal senda gögnin sem um getur í 1. mgr.

3. Framkvæmdastjórninni er heimilt að breyta 1. mgr.

Drög 9.7.2013

Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 3. mgr. 25. gr.

27. gr.

Skýrslugjöf fyrirtækja

1. Eigi síðar en 31. mars ár hvert skal hvert fyrirtæki senda framkvæmdastjórninni gögnin, sem talin eru upp í 2.–6. mgr., fyrir hvert takmörkunarskyld efni og hvert nýtt efni sem skráð er í II. viðauka, fyrir næstliðið almanaksár og senda afrit til lögbærs yfirvalds í hlutaðeigandi aðildarríki.

2. Hver framleiðandi skal senda gögn um eftirfarandi:

- a) heildarframleiðslu sína á hverju efni sem um getur í 1. mgr.,
- b) framleiðslu sem er sett á markað eða notuð til eigin þarfa framleiðandans innan Bandalagsins, þar sem tilgreind er sérstaklega framleiðsla til notkunar sem hráefni eða hjálparefni við vinnslu eða til annar notkunar,
- c) framleiðslu, sem er leyfð skv. 6. mgr. 10. gr., til að fullnægja þörf vegna óhjákvæmilegrar notkunar á rannsóknarstofum og við greiningar innan Bandalagsins,
- d) framleiðslu, sem er leyfð skv. 8. mgr. 10. gr., til þess að fullnægja þörf vegna óhjákvæmilegrar notkunar á rannsóknarstofum og við greiningar af hálfu aðilanna að bókuninni.
- e) framleiðsluaukningu sem er leyfð skv. 2., 3. og 4. mgr. 14. gr. í tengslum við iðnaðarhagræðingu,
- f) það magn sem er endurunnið, uppunnið eða eytt og hvaða tækni er notuð við eyðinguna, þ.m.t. magn sem er framleitt og eytt sem aukaafurð eins og um getur í 14. mgr. 3. gr.,
- g) birgðir,
- h) kaup frá öðrum framleiðendum í Bandalaginu og sala til þeirra.

3. Allir innflytjendur skulu senda, fyrir hvert efni sem um getur í 1. mgr., gögn um eftirfarandi:

- a) magn, sem er sett í frjálsa dreifingu innan Bandalagsins, þar sem tilgreindur er sérstaklega innflutningur til notkunar sem hráefni og hjálparefni við vinnslu, til óhjákvæmilegrar notkunar á rannsóknarstofum og við greiningar sem er leyfð í samræmi við 6. mgr. 10. gr., til notkunar við meðhöndlun gegn kvíuðum skaðvöldum og meðhöndlun fyrir flutning og til eyðingar. Innflytjendur sem fluttu inn takmörkunarskyld efni til eyðingar skulu einnig senda framkvæmdastjórninni upplýsingar um raunverulegan lokaviðtökustað eða -staði fyrir hvert efni, þar sem gefnar eru upp aðskildar upplýsingar, fyrir hvern viðtökustað, um magn hvers efnis og heiti og heimilisfang eyðingarstöðvarinnar þangað sem efnið var sent,
- b) magn sem er flutt inn samkvæmt öðrum reglum um tollmeðferð, þar sem getið er sérstaklega um tollafgreiðslu og tilgreinda notkun,
- c) magn notaðra efna sem um getur í 1. mgr. og eru flutt inn til endurvinnslu eða uppvinnslu,
- d) birgðir,
- e) kaup frá öðrum framleiðendum í Bandalaginu og sala til þeirra,
- f) útflutningslandið.

4. Allir útflytjendur skulu senda, fyrir hvert efni sem um getur í 1. mgr., gögn um eftirfarandi:

- a) magn slíkra efna sem er flutt út, þar sem tilgreint er sérstaklega magnið sem er flutt út til hvers viðtökulands og magnið sem er flutt út til notkunar sem hráefni og sem hjálparefni við vinnslu, til óhjákvæmilegrar notkunar á rannsóknarstofum og við greiningar, til neyðarnotkunar og meðhöndlunar gegn kvíuðum skaðvöldum og til meðhöndlunar fyrir flutning,
- b) birgðir,

Drög 9.7.2013

- c) kaup frá og sala til annarra framleiðenda í Bandalaginu,
- d) viðtökulandið.

5. Fyrirtæki, sem eyða takmörkunarskyldum eignum sem um getur í 1. mgr. og falla ekki undir ákvæði 2. mgr., skulu senda eftirfarandi gögn:

- a) magn slíkra efna sem er eytt, þ.m.t. magn þeirra í vörum eða búnaði,
- b) birgðir slíkra efna sem bíða eyðingar, þ.m.t. magn sem er í vörum eða búnaði,
- c) tæknina sem er notuð við eyðinguna.

6. Fyrirtæki, sem nota takmörkunarskyld efni sem hráefni eða hjálparefni við vinnslu, skulu senda eftirfarandi gögn:

- a) magn slíkra efna sem eru notuð sem hráefni eða hjálparefni við vinnslu,
- b) birgðir slíkra efna,
- c) þau vinnsluferli og þá losun sem um er að ræða.

7. Fyrir 31. mars ár hvert skal hver framleiðandi eða innflytjandi, sem hefur fengið leyfi skv. 6. mgr. 10. gr., fyrir hvert efni sem hann hefur fengið leyfi fyrir, senda framkvæmdastjórninni skýrslu og afrit af henni til lögbærs yfirvalds hlutaðeigandi aðildarríkis um eðli notkunarinnar, það magn, sem notað var næstliðið ár, birgðamagn, magn, sem hefur verið endurunnið, uppunnið eða eytt, og magn vara og búnaðar, sem innihalda þessi efni eða virka ekki án þeirra, sem hafa verið sett á markað innan Bandalagsins og/eða flutt út.

8. Framkvæmdastjórnin skal gera viðeigandi ráðstafanir til að trúnaður ríki um þær upplýsingar sem lagðar eru fyrir hana.

9. Snið skýrslunnanna, sem um getur í 1. til 7. mgr., skal vera í samræmi við stjórnarnefndarmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 25. gr.

10. Framkvæmdastjórninni er heimilt að breyta skýrslugjafarkröfunum sem mælt er fyrir um í 1.–7. mgr.

Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 3. mgr. 25. gr.

28. gr.

Skoðun

1. Aðildarríkin skulu framkvæma skoðanir á því hvort fyrirtæki fari að ákvæðum þessarar reglugerðar og nota til þess nálgun sem byggist á áhættumati, þ.m.t. skoðanir á innflutningi og útflutningi á takmörkunarskyldum eignum, sem og á vörum og búnaði sem innihalda þessi efni eða virka ekki án þeirra. Lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum skulu framkvæma þær rannsóknir sem framkvæmdastjórnin telur þörf á samkvæmt þessari reglugerð.

2. Ef framkvæmdastjórnin og lögbært yfirvald aðildarríkisins, þar sem rannsóknirnar eiga að fara fram, eru því samþykkt skulu embættismenn framkvæmdastjórnarinnar aðstoða embættismenn yfirvaldsins við skyldustörf þeirra.

3. Til að inna af hendi þau verk sem henni ber samkvæmt þessari reglugerð getur framkvæmdastjórnin aflað allra nauðsynlegra upplýsinga hjá ríkisstjórnnum og lögbærum yfirvöldum aðildarríkjanna og hjá fyrirtækjunum. Þegar framkvæmdastjórnin sendir beiðni um upplýsingar til fyrirtækis skal hún samtímis senda afrit af beiðninni til lögbærs yfirvalds aðildarríkisins þar sem fyrirtækið hefur aðsetur.

4. Framkvæmdastjórnin skal grípa til viðeigandi aðgerða til að stuðla að fullnægjandi upplýsingaskiptum og samvinnu milli landsyfirvalda, og á milli landsyfirvalda og framkvæmdastjórnarinnar.

Drög 9.7.2013

Framkvæmdastjórnin skal gera viðeigandi ráðstafanir til að trúnaður ríki um þær upplýsingar sem hún fær samkvæmt þessari grein.

5. Aðildarríki getur, að beiðni annars aðildarríkis, framkvæmt skoðanir á fyrirtækjum eða rannsakað fyrirtæki sem grunur leikur á að taki þátt í ólöglegum flutningi á takmörkunarskyldum efnum og eru starfrækt á yfirráðasvæði þess aðildarríkis.

29. gr.

Viðurlög

Aðildarríkin skulu setja reglur um viðurlög við brotum gegn ákvæðum þessarar reglugerðar og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þeim sé beitt. Viðurlögin skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brot og letjandi. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þessi ákvæði, eigi síðar en 30. júní 2011, og skulu einnig tilkynna henni án tafar um síðari breytingar sem hafa áhrif á þau.

VIII. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

30. gr.

Niðurfelling

Reglugerð (EB) nr. 2037/2000 fellur úr gildi frá og með 1. janúar 2010.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu reglugerðina sem tilvísanir í þessa reglugerð og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í VIII. viðauka.

31. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2010.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 16. september 2009.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

forseti.

J. BUZEK

Fyrir hönd ráðsins

forseti.

C. MALMSTRÖM

Drög 9.7.2013

I. VIÐAUKI

TAKMÖRKUNARSKYLD EFNI

Flokkur	Efni			Ósoneyðingarmáttur (¹)
I. flokkur	CFCl ₃	CFC-11	Tríklórflúormetan	1,0
	CF ₂ Cl ₂	CFC-12	Díklórðíflúormetan	1,0
	C ₂ F ₃ Cl ₃	CFC-113	Tríklórtríflúoretan	0,8
	C ₂ F ₄ Cl ₂	CFC-114	Díklórtetraflúoretan	1,0
	C ₂ F ₅ Cl	CFC-115	Klórþentaflúoretan	0,6
II. flokkur	CF ₃ Cl	CFC-13	Klórtríflúormetan	1,0
	C ₂ FCl ₅	CFC-111	Pentaklórflúoretan	1,0
	C ₂ F ₂ Cl ₄	CFC-112	Tetraklórðíflúoretan	1,0
	C ₃ FCl ₇	CFC-211	Heptaklórflúorprópan	1,0
	C ₃ F ₂ Cl ₆	CFC-212	Hexaklórðíflúorprópan	1,0
	C ₃ F ₃ Cl ₅	CFC-213	Pentaklórtríflúorprópan	1,0
	C ₃ F ₄ Cl ₄	CFC-214	Tetraklórtetraflúorprópan	1,0
	C ₃ F ₅ Cl ₃	CFC-215	Tríklórþentaflúorprópan	1,0
	C ₃ F ₆ Cl ₂	CFC-216	Díklórhexaflúorprópan	1,0
	C ₃ F ₇ Cl	CFC-217	Klórheptaflúorprópan	1,0

Drög 9.7.2013

Flokkur	Efni			Ósneyðingarmáttur (¹)
III. flokkur	CF ₂ BrCl	halón-1211	Brómklórdíflúormetan	3,0
	CF ₃ Br	halón-1301	Brómtríflúormetan	10,0
	C ₂ F ₄ Br ₂	halón-2402	Díbrómtetraflúoretan	6,0
IV. flokkur	CCl ₄	CTC	Tetraklórmetan (koltetraklóríð)	1,1
V. flokkur	C ₂ H ₃ Cl ₃ (²)	1,1,1-TCA	1,1,1-tríklóretan (metýlklóróform)	0,1
VI. flokkur	CH ₃ Br	metýlbrómíð	Brómnetan	0,6
VII. flokkur	CHFBr ₂	HBFC-21 B2	Díbrómflúoretan	1,00
	CHF ₂ Br	HBFC-22 B1	Brómdíflúoretan	0,74
	CH ₂ FBr	HBFC-31 B1	Brómflúoretan	0,73
	C ₂ HFBr ₄	HBFC-121 B4	Tetrabrómflúoretan	0,8
	C ₂ HF ₂ Br ₃	HBFC-122 B3	Tríbrómdíflúoretan	1,8
	C ₂ HF ₃ Br ₂	HBFC-123 B2	Díbrómtríflúoretan	1,6
	C ₂ HF ₄ Br	HBFC-124 B1	Brómtetraflúoretan	1,2
	C ₂ H ₂ FBr ₃	HBFC-131 B3	Tríbrómflúoretan	1,1
	C ₂ H ₂ F ₂ Br ₂	HBFC-132 B2	Díbrómdíflúoretan	1,5
	C ₂ H ₂ F ₃ Br	HBFC-133 B1	Brómtríflúoretan	1,6
	C ₂ H ₃ FBr ₂	HBFC-141 B2	Díbrómflúoretan	1,7
	C ₂ H ₃ F ₂ Br	HBFC-142 B1	Brómdíflúoretan	1,1
	C ₂ H ₄ FBr	HBFC-151 B1	Brómflúoretan	0,1

Drög 9.7.2013

Flokkur	Efni			Ósoneyðingarmáttur (¹)
	C ₃ HFB ₆	HBFC-221 B6	Hexabromflúorprópan	1,5
	C ₃ HF ₂ B ₅	HBFC-222 B5	Pentabromdíflúorprópan	1,9
	C ₃ HF ₃ B ₄	HBFC-223 B4	Tetrabromtríflúorprópan	1,8
	C ₃ HF ₄ B ₃	HBFC-224 B3	Tríbrómtetraflúorprópan	2,2
	C ₃ HF ₅ B ₂	HBFC-225 B2	Díbrómpentaflúorprópan	2,0
	C ₃ HF ₆ Br	HBFC-226 B1	Brómhexaflúorprópan	3,3
	C ₃ H ₂ FB ₅	HBFC-231 B5	Pentabromflúorprópan	1,9
	C ₃ H ₂ F ₂ B ₄	HBFC-232 B4	Tetrabromdíflúorprópan	2,1
	C ₃ H ₂ F ₃ B ₃	HBFC-233 B3	Tríbrómtíflúorprópan	5,6
	C ₃ H ₂ F ₄ B ₂	HBFC-234 B2	Díbrómtetraflúorprópan	7,5
	C ₃ H ₂ F ₅ Br	HBFC-235 B1	Brómpentaflúorprópan	1,4
	C ₃ H ₃ FB ₄	HBFC-241 B4	Tetrabromflúorprópan	1,9
	C ₃ H ₃ F ₂ B ₃	HBFC-242 B3	Tríbrómdíflúorprópan	3,1
	C ₃ H ₃ F ₃ B ₂	HBFC-243 B2	Díbrómtíflúorprópan	2,5
	C ₃ H ₃ F ₄ Br	HBFC-244 B1	Brómtetraflúorprópan	4,4
	C ₃ H ₄ FB ₃	HBFC-251 B1	Tríbrómflúorprópan	0,3
	C ₃ H ₄ F ₂ B ₂	HBFC-252 B2	Díbrómdíflúorprópan	1,0
	C ₃ H ₄ F ₃ Br	HBFC-253 B1	Brómtíflúorprópan	0,8
	C ₃ H ₅ FB ₂	HBFC-261 B2	Díbrómflúorprópan	0,4
	C ₃ H ₅ F ₂ Br	HBFC-262 B1	Brómdíflúorprópan	0,8
	C ₃ H ₆ FBr	HBFC-271 B1	Brómflúorprópan	0,7

Drög 9.7.2013

Flokkur	Efni			Ósoneyðingarmáttur (¹)
VIII. flokkur	CHFC ₂	HCFC-21 (³)	Díklórflúóretan	0,040
	CHF ₂ Cl	HCFC-22 (³)	Klórdíflúóretan	0,055
	CH ₂ FCl	HCFC-31	Klórflúóretan	0,020
	C ₂ HFCl ₄	HCFC-121	Tetraklórflúóretan	0,040
	C ₂ HF ₂ Cl ₃	HCFC-122	Tríklórdíflúóretan	0,080
	C ₂ HF ₃ Cl ₂	HCFC-123 (³)	Díklórtríflúóretan	0,020
	C ₂ HF ₄ Cl	HCFC-124 (³)	Klór tetraflúóretan	0,022
	C ₂ H ₂ FCl ₃	HCFC-131	Tríklórflúóretan	0,050
	C ₂ H ₂ F ₂ Cl ₂	HCFC-132	Díklórdíflúóretan	0,050
	C ₂ H ₂ F ₃ Cl	HCFC-133	Klórtríflúóretan	0,060
	C ₂ H ₃ FCl ₂	HCFC-141	Díklórflúóretan	0,070
	CH ₃ CFCl ₂	HCFC-141b (³)	1,1-díklór-1-flúóretan	0,110
	C ₂ H ₃ F ₂ Cl	HCFC-142	Klórdíflúóretan	0,070
	CH ₃ CF ₂ Cl	HCFC-142b (³)	1-klór-1,1-díflúóretan	0,065
	C ₂ H ₄ FCl	HCFC-151	Klórflúóretan	0,005
	C ₃ HFCl ₆	HCFC-221	Hexaklórflúórprópan	0,070
	C ₃ HF ₂ Cl ₅	HCFC-222	Pentaklórdíflúórprópan	0,090
	C ₃ HF ₃ Cl ₄	HCFC-223	Tetraklórtríflúórprópan	0,080
	C ₃ HF ₄ Cl ₃	HCFC-224	Tríklórtetraflúórprópan	0,090
	C ₃ HF ₅ Cl ₂	HCFC-225	Díklórpentaflúórprópan	0,070
	CF ₃ CF ₂ CHCl ₂	HCFC-225ca (³)	3,3-díklór-1,1,1,2,2-pentaflúórprópan	0,025
	CF ₂ ClCF ₂ CHClF	HCFC-225cb (³)	1,3-díklór-1,1,2,2,3-pentaflúórprópan	0,033
	C ₃ HF ₆ Cl	HCFC-226	Klórhexaflúórprópan	0,100
	C ₃ H ₂ FCl ₅	HCFC-231	Pentaklórflúórprópan	0,090

Drög 9.7.2013

Flokkur	Efni			Ósoneyðingarmáttur ⁽¹⁾
	C ₃ H ₂ F ₂ Cl ₄	HCFC-232	Tetraklórdíflúorprópan	0,100
	C ₃ H ₂ F ₃ Cl ₃	HCFC-233	Tríklórtríflúorprópan	0,230
	C ₃ H ₂ F ₄ Cl ₂	HCFC-234	Díklórtetraflúorprópan	0,280
	C ₃ H ₂ F ₅ Cl	HCFC-235	Klórþentaflúorprópan	0,520
	C ₃ H ₃ FCl ₄	HCFC-241	Tetraklórfíflúorprópan	0,090
	C ₃ H ₃ F ₂ Cl ₃	HCFC-242	Tríklórdíflúorprópan	0,130
	C ₃ H ₃ F ₃ Cl ₂	HCFC-243	Díklórtríflúorprópan	0,120
	C ₃ H ₃ F ₄ Cl	HCFC-244	Klórtetraflúorprópan	0,140
	C ₃ H ₄ FCl ₃	HCFC-251	Tríklórflúorprópan	0,010
	C ₃ H ₄ F ₂ Cl ₂	HCFC-252	Díklórdíflúorprópan	0,040
	C ₃ H ₄ F ₃ Cl	HCFC-253	Klórtríflúorprópan	0,030
	C ₃ H ₅ FCl ₂	HCFC-261	Díklórflúorprópan	0,020
	C ₃ H ₅ F ₂ Cl	HCFC-262	Klórdíflúorprópan	0,020
	C ₃ H ₆ FCl	HCFC-271	Klórflúorprópan	0,030
IX. flokkur	CH ₂ BrCl	BCM	Brómklórmetan	0,12

(1) Tölur yfir ósoneyðingarmátt eru áætlaðar út frá fyrirbyggjandi þekkingu og verða yfirfarnar og endurskoðaðar öðru hverju í ljósi þeirra ákvarðana sem aðilarnir að bókuninni taka.

(2) Þessi formúla vísar ekki til 1,1,2- tríklóretans.

(3) Tilgreinir markaðsvængasta efnið eins og lýst er í bókuninni.

Drög 9.7.2013

II. VIÐAUKI

NÝ EFNI

A-hluti: Efni sem eru takmörkuð skv. 1. mgr. 24. gr.

Efni		Ósoneyðingarmáttur
CBr_2F_2	Díbrómdíflúormetan (halón-1202)	1,25

B-hluti: Efni sem gefa skal skýrslu um skv. 27. gr.

Efni		Ósoneyðingarmáttur ⁽¹⁾
$\text{C}_3\text{H}_7\text{Br}$	1-brómprópan (n-própýlbrómíð)	0,02 – 0,10
$\text{C}_2\text{H}_5\text{Br}$	Brómetan (etýlbrómíð)	0,1 – 0,2
CF_3I	Tríflúorjodmetan (tríflúormetýljodíð)	0,01 – 0,02
CH_3Cl	Klórmetan (metýlklórið)	0,02

⁽¹⁾ Tölur yfir ósoneyðingarmátt eru áætlaðar úr frásýringgjafi þekkingu og verða endurskoðaðar öðru hverju í ljósi þeirra ákvarðana sem aðilarnir að bókuninni taka.

Drög 9.7.2013

III. VIÐAUKI

Vinnsla þar sem takmörkunarskyld efni eru notuð sem hjálparefni við vinnslu eins og um getur í 12. mgr. 3. gr.:

- a) notkun koltetraklóríðs við brottnám á köfnunarefnistríklóríði við framleiðslu á klór og víttissóða,
 - b) notkun koltetraklóríðs við endurheimt á klór í afgangsgasi frá klórframleiðslu,
 - c) notkun koltetraklóríðs við framleiðslu á klóruðu gúmmí,
 - d) notkun koltetraklóríðs við framleiðslu á pólýfenýlenterepalamíði,
 - e) notkun á CFC-12 við ljósefnafræðilega efnasmíði á perflúorþólýeterþólýperoxíði, forefni Z-perflúorþólýetera og tvívirkra afleiðna,
 - f) notkun á CFC-113 við framleiðslu perflúorþólýeterdíóla með mikilli virkni,
 - g) notkun á koltetraklóríði við framleiðslu á sýklódími,
 - h) notkun á vetnisklórflúorkolefnum við vinnsluna sem talin er upp í a- til g-lið þegar þau eru notuð í stað klórflúorkolefnis eða koltetraklóríðs.
-

Drög 9.7.2013

IV. VIÐAUKI

Flokkar, númer í sameinaðri nafnaskrá ⁽¹⁾ og lýsingar á efnunum sem um getur í I. viðauka

Flokkur	SN-númer	Lýsing
I. flokkur	29034100	Tríklórflúormetan
	29034200	Díklórdíflúormetan
	29034300	Tríklórtríflúoretön
	29034410	Díklórtetraflúoretön
	29034490	Klórpenaflúoretan
II. flokkur	29034510	Klórtríflúormetan
	29034515	Pentaklórflúoretan
	29034520	Tetraklórđíflúoretön
	29034525	Heptaklórflúorprópön
	29034530	Hexaklórđíflúorprópön
	29034535	Pentaklórtríflúorprópön
	29034540	Tetraklórtetraflúorprópön
	29034545	Tríklórpenaflúorprópön
	29034550	Díklórhexaflúorprópön
	29034555	Klórheptaflúorprópön
III. flokkur	29034610	Brómklórđíflúormetan
	29034620	Brómtríflúormetan
	29034690	Díbrómtetraflúoretön
IV. flokkur	29031400	Koltetraklóríð
V. flokkur	29031910	1,1,1-tríklóretan (metýlklóróform)
VI. flokkur	29033911	Brómnetan (metýlbrómíð)
VII. flokkur	29034930	Vetnisbrómflúormetön, -etön eða -própön
VIII. flokkur	29034911	Klórđíflúormetan (HCFC-22)
	29034915	1,1-díklór-1-flúormetan (HCFC-141b)
	29034919	Önnur vetnisklórflúormetön, -etön eða própön (HCFC)

Drög 9.7.2013

IX. flokkur	úr 29034980	Brómklórmetan
Blöndur	38247100	Blöndur sem innihalda klórflúorkolefni (CFC), hvort sem þau innihalda vetnisklórflúorkolefni (HCFC), perflúorkolefni (PFC) eða vetnisflúorkolefni (HFC) eða ekki
	38247200	Blöndur sem innihalda brómklórðíflúormetan, brómtríflúormetan eða díbrómtetraflúoretön
	38247300	Blöndur sem innihalda vetnisbrómflúorkolefni (HBFC)
	38247400	Blöndur sem innihalda vetnisklórflúorkolefni (HCFC), hvort sem þau innihalda perflúorkolefni (PFC) eða vetnisflúorkolefni (HFC) eða ekki, en innihalda ekki klórflúorkolefni (CFC)
	38247500	Blöndur sem innihalda koltetraklóríð
	38247600	Blöndur sem innihalda 1,1,1-tríklóretan (metýlklóróform)
	38247700	Blöndur sem innihalda brómmetan (metýlbrómíð) eða brómklórmetan

(¹) Liðurinn „úr“ fyrir framan númer gefur til kynna að önnur efni en þau sem eru tilgreind í dálknum „lýsing“ geti einnig fallið undir það undirnúmer.

Drög 9.7.2013

V. VIÐAUKI

Skilyrði fyrir setningu takmörkunarskyldra efna á markað og frekari dreifingu þeirra til óhjákvæmilegrar notkunar á rannsóknarstofum og við greiningar sem um getur í 3. mgr. 10. gr.

1. Takmörkunarskyld efni til óhjákvæmilegrar notkunar á rannsóknarstofum og við greiningar skulu einungis innihalda takmörkunarskyld efni sem eru framleidd í eftirfarandi hreinleika:

Efni	%
CTC (prófefnahreinleiki)	99,5
1,1,1-tríklóretan	99,0
CFC 11	99,5
CFC 13	99,5
CFC 12	99,5
CFC 113	99,5
CFC 114	99,5
Önnur takmörkunarskyld efni með suðumarki > 20 °C	99,5
Önnur takmörkunarskyld efni með suðumarki < 20 °C	99,0

Framleiðendur, umboðsaðilar eða dreifingaraðilar geta síðan blandað þessum hreinu, takmörkunarskyldu efnum saman við önnur efni, sem geta hvort heldur er verið takmörkunarskyld samkvæmt bókuninni eða ekki, eins og venja er við notkun á rannsóknarstofum og við greiningar.

2. Þessi mjög hreinu efni og blöndur, sem innihalda takmörkunarskyld efni, skulu einungis afhent í endurlokanlegum geymum eða háþrýstihylkjum, sem rúma minna en þrjá lítra, eða í glerlykjum, sem rúma 10 millilítra eða minna, sem eru greinilega merkt svo að fram komi að þetta séu efni sem rýra ósonlagið, eru takmörkuð við notkun á rannsóknarstofum og við greiningar og að notuðum efnum eða efnum sem ganga af skuli safna saman og endurvinna ef það er raunhæft. Efninu skal eytt ef endurvinnsla þess er ekki raunhæf.

Drög 9.7.2013

VI. VIÐAUKI

NEYÐARNOTKUN HALÓNA

Notkun á halóni 1301:

- í loftförum til að verja áhafnarklefa, hreyfilshús, lestarrými og þurrými, og til sprengivarna í eldsneytisgeymum,
- til að verja mannað rými og vélarrými í herökutækjum og herskipum,
- til sprengivarna á mönnum svæðum hjá herafnanum, við olú- og gasvinnslu og við vinnslu efna úr jarðolíu eða jarðgasi, og í flutningaskipum í notkun, þar sem er hætt á að eldfimur vökvi og/eda lofttegundir leki út,
- til sprengivarna í mönnum fjarskipta- og stjórnunarstöðvum herafnans eða annarra, sem eru í notkun og skipta sköpum fyrir þjóðaröryggi,
- til sprengivarna á svæðum sem hætt er á að geislavirk efni dreifist um,
- í Ermarsundsgöngunum og tengdum mannvirkjum og járnbrautarvögnum.

Notkun á halóni 1211:

- til að verja mannað rými og vélarrými í herökutækjum og herskipum,
- í handslökkvitækjum og föstum slökkvibúnaði fyrir vélar til nota um borð í loftförum,
- í loftförum til að verja áhafnarklefa, hreyfilshús, lestarrými og þurrými,
- í slökkvitækjum sem skipta sköpum fyrir öryggi manna og sem slökkvilið notar við frumslökkvistarf,
- í slökkvitækjum hersins og lögreglunnar sem eru notuð á fólk.

Notkun halóns 2402, einungis í Tékklandi, Eistlandi, á Kýpur, í Lettlandi, Litháen, Ungverjalandi, á Möltu, í Póllandi, Slóveníu og Slóvakíu:

- í loftförum til að verja áhafnarklefa, hreyfilshús, lestarrými og þurrými, og til sprengivarna eldsneytisgeyma,
- til að verja mannað rými og vélarrými í herökutækjum og herskipum,
- til sprengivarna á mönnum svæðum hjá hernum, við olú- og gasvinnslu og við vinnslu efna úr jarðolíu eða jarðgasi, og í flutningaskipum í notkun, þar sem er hætt á að eldfimur vökvi og/eda lofttegundir leki út,
- til sprengivarna í mönnum fjarskipta- og stjórnunarstöðvum herafnans eða annarra, sem eru í notkun og skipta sköpum fyrir þjóðaröryggi,
- til sprengivarna á svæðum sem hætt er á að geislavirk efni dreifist um,
- í handslökkvitækjum og föstum slökkvibúnaði fyrir vélar til nota um borð í loftförum,
- í slökkvitækjum sem skipta sköpum fyrir öryggi manna og sem slökkvilið notar við frumslökkvistarf,
- í slökkvitækjum hersins og lögreglunnar sem eru notuð á fólk.

Notkun á halón 2402, einungis í Búlgaríu:

- í loftförum til að verja áhafnarklefa, hreyfilshús, lestarrými og þurrými, og til að verja eldsneytisgeyma gegn sprengingu,
 - til að verja mannað rými og vélarrými í herökutækjum og herskipum,
-

Drög 9.7.2013

VII. VIÐAUKI

EYÐINGARTÆKNI SEM UM GETUR Í 1. MGR. 22. GR.

Notkunarsvið			
Tækni	Takmörkunarskyld efni ^{(1) (2)}		Þynntur uppruni ⁽³⁾
	Takmörkunarskyld efni sem skráð eru í I. viðauka, í I., II., IV., V. og VIII. flokki	Halón skráð í III. flokki I. viðauka	Frauð
Skilvirkni í eyðingu og fjarlægingu ⁽⁴⁾	99,99%	99,99%	95%
Sementsofnar	Samþykkt ⁽⁵⁾	Ekki samþykkt	Á ekki við
Brennslueyðing með vökvainnsþýtingu	Samþykkt	Samþykkt	Á ekki við
Oxun lofttegunda/eitraðra lofttegunda	Samþykkt	Samþykkt	Á ekki við
Brennsla húsasorps í föstu formi	Á ekki við	Á ekki við	Samþykkt
Sundrun í hvarftanki	Samþykkt	Ekki samþykkt	Á ekki við
Brennsla í hverfiofni	Samþykkt	Samþykkt	Samþykkt
Argon-rafgasljós bogi	Samþykkt	Samþykkt	Á ekki við
Spantengt rafgas við útvarpstíðni	Samþykkt	Samþykkt	Á ekki við
Örbylgjurafgas	Samþykkt	Ekki samþykkt	Á ekki við
Köfnunarefnisrafgasljós bogi	Samþykkt	Ekki samþykkt	Á ekki við
Hvötuð halógen svipting í gasfasa	Samþykkt	Ekki samþykkt	Á ekki við
Ofurhitaður gufuhvarftankur	Samþykkt	Ekki samþykkt	Á ekki við

⁽¹⁾ Takmörkunarskyldum efnum, sem ekki eru skráð hér á eftir, skal eytt með þeirri eyðingartækni sem er ákjósanlegust fyrir umhverfið og felur ekki í sér óhóflegan kostnað.

⁽²⁾ Óþynntur uppruni vísar til ónotaðra, endurheimtra og uppunninna ósoneyðandi efna.

⁽³⁾ Þynntur uppruni vísar til ósoneyðandi efna sem eru bundin í föstu efni, t.d. frauði.

⁽⁴⁾ Viðmiðunin fyrir skilvirkni í eyðingu og fjarlægingu sýnir þá tæknigetu sem samþykki fyrir tækninni byggist á. Hún endurspeglar ekki alltaf frammiðöðuna frá degi til dags, sem kemur til með að lúta lágmarkslandsstöðum.

⁽⁵⁾ Samþykkt af aðilunum að bókuninni.

Drög 9.7.2013

VIII. VIÐAUKI
SAMSVÖRUNARTAFLA

Reglugerð (EB) nr. 2037/2000	Þessi reglugerð
1. gr.	1. og 2. gr.
2. gr.	3. gr.
Fyrsta undirgrein 1. mgr. 3. gr.	1. mgr. 4. gr.
Önnur undirgrein 1. mgr. 3. gr.	2. og 4. mgr. 10. gr.
i. liður 2. mgr. 3. gr.	4. gr.
Fyrsta undirgrein ii. liðar 2. mgr. 3. gr.	—
Önnur undirgrein ii. liðar 2. mgr. 3. gr.	3. mgr. 12. gr.
3. mgr. 3. gr.	1. mgr. 11. gr.
4. mgr. 3. gr.	Fyrsti málsliður 6. mgr. 10. gr.
5. mgr. 3. gr.	7. mgr. 10. gr.
6. mgr. 3. gr.	—
7. mgr. 3. gr.	8. mgr. 10. gr.
8. mgr. 3. gr.	2. mgr. 14. gr.
9. mgr. 3. gr.	3. mgr. 14. gr.
10. mgr. 3. gr.	4. mgr. 14. gr.
1. mgr. 4. gr.	1. mgr. 5. gr.

Drög 9.7.2013

Reglugerð (EB) nr. 2037/2000	Þessi reglugerð
i. liður 2. mgr. 4. gr.	1. mgr. 5. gr.
ii. liður 2. mgr. 4. gr.	—
Fyrsta undirgrein iii. liðar 2. mgr. 4. gr.	1. og 2. mgr. 12. gr.
Önnur undirgrein iii. liðar 2. mgr. 4. gr.	a-liður 1. mgr. 26. gr.
Þriðja undirgrein iii. liðar 2. mgr. 4. gr.	2. mgr. 12. gr.
iv. liður 2. mgr. 4. gr.	—
i. liður 3. mgr. 4. gr.	1. mgr. 5. gr.
ii. liður 3. mgr. 4. gr.	—
iii. liður 3. mgr. 4. gr.	—
iv. liður 3. mgr. 4. gr.	—
a-liður i. liðar 4. mgr. 4. gr.	9. gr.
Fyrsti undirliður b-liðar i. liðar 4. mgr. 4. gr.	1. mgr. 7. gr. og 1. mgr. 8. gr.
Annar undirliður b-liðar i. liðar 4. mgr. 4. gr.	1. mgr. 10. gr. og 3. mgr. 12. gr.
ii. liður 4. mgr. 4. gr.	—
iii. liður 4. mgr. 4. gr.	—
Fyrsti málsliður iv. liðar 4. mgr. 4. gr.	1. mgr. 13. gr.
Annar málsliður iv. liðar 4. mgr. 4. gr.	1. mgr. 27. gr.

Drög 9.7.2013

Reglugerð (EB) nr. 2037/2000	Þessi reglugerð
v. liður 4. mgr. 4. gr.	2. mgr. 6. gr.
5. mgr. 4. gr.	1. mgr. 14. gr.
6. mgr. 4. gr.	6. gr.
6. mgr. 4. gr.	—
1. mgr. 5. gr.	1. mgr. 5. gr.
a-liður 2. mgr. 5. gr.	2. mgr. 11. gr.
b-liður 2. mgr. 5. gr.	1. mgr. 7. gr.
c-liður 2. mgr. 5. gr.	1. mgr. 8. gr.
3. mgr. 5. gr.	—
Fyrsti málslíður 4. mgr. 5. gr.	8. mgr. 11. gr.
Annar málslíður 4. mgr. 5. gr.	—
5. mgr. 5. gr.	—
6. mgr. 5. gr.	—
7. mgr. 5. gr.	8. mgr. 11. gr.
Fyrsti málslíður 1. mgr. 6. gr.	3. mgr. 15. gr.
Annar málslíður 1. mgr. 6. gr.	—
2. mgr. 6. gr.	—
3. mgr. 6. gr.	3. mgr. 18. gr.

Drög 9.7.2013

Reglugerð (EB) nr. 2037/2000	Þessi reglugerð
4. mgr. 6. gr.	5. mgr. 18. gr.
5. mgr. 6. gr.	9. mgr. 18. gr.
7. gr.	1. mgr. 16. gr.
8. gr.	1. mgr. 20. gr.
1. mgr. 9. gr.	1. mgr. 20. gr.
2. mgr. 9. gr.	21. gr.
10. gr.	2. mgr. 20. gr.
1. mgr. 11. gr.	1. og 2. mgr. 17. gr.
2. mgr. 11. gr.	1. mgr. 20. gr.
3. mgr. 11. gr.	1. mgr. 20. gr.
4. mgr. 11. gr.	—
1. mgr. 12. gr.	4. mgr. 17. gr.
2. mgr. 12. gr.	4. mgr. 18. gr.
3. mgr. 12. gr.	5. mgr. 18. gr.
4. mgr. 12. gr.	3. og 4. mgr. 18. gr.
13. gr.	3. mgr. 20. gr.
14. gr.	4. mgr. 20. gr.
15. gr.	—

Drög 9.7.2013

Reglugerð (EB) nr. 2037/2000	Þessi reglugerð
1. mgr. 16. gr.	1. mgr. 22. gr.
2. mgr. 16. gr.	—
3. mgr. 16. gr.	3. mgr. 22. gr.
4. mgr. 16. gr.	—
5. mgr. 16. gr.	5. mgr. 22. gr.
6. mgr. 16. gr.	—
7. mgr. 16. gr.	—
17. gr.	23. gr.
18. gr.	25. gr.
19. gr.	25. gr.
1. mgr. 20. gr.	3. mgr. 28. gr.
2. mgr. 20. gr.	3. mgr. 28. gr.
3. mgr. 20. gr.	1. mgr. 28. gr.
4. mgr. 20. gr.	2. mgr. 28. gr.
5. mgr. 20. gr.	4. mgr. 28. gr.
21. gr.	29. gr.
22. gr.	24. gr.
23. gr.	30. gr.

Drög 9.7.2013

Reglugerð (EB) nr. 2037/2000	Þessi reglugerð
24. gr.	31. gr.
I. viðauki	I. viðauki
III. viðauki	—
IV. viðauki	IV. viðauki
V. viðauki	—
VI. viðauki	III. viðauki
VII. viðauki	VI. viðauki